


**skoðun** 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




## Kominn á íslenska kúrinn

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ætlar bara að borða íslenskt og vonast til að léttast.*

**allt** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**23. ágúst 2011**
195. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Njótum þess íslenska

*Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands stendur á þrítugu.*

**tímamót** 18

## Flytur á mölina

*Mugison sest á skólabekk í Reykjavík.*

**fólk** 34



## KR tapaði stigum

*KR-ingar gerðu 1-1 jafntefli á heimavelli á móti Stjörnunni í gær.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**SKÝJAÐ Á LANDINU** í dag verður væta með köflum S- og V-til og víða 5-10 m/s en hvassara S-lands. Hiti á bilinu 7 til 14 stig.

**VEÐUR** 4

# Ferðamenn aldrei verið fleiri

**Ferðamönnum hefur fjölgað mikið hjá Icelandair það sem af er ári. Reiknað er með 600 þúsund ferðamönnum á árinu. Átakið Inspired by Iceland sagt hafa skilað góðum árangri. Fimmtungi fleiri ferðamenn en í fyrra.**

**FERÐAMÁL** Reiknað er með að farþegar Icelandair árið 2011 verði tæplega 1,8 milljónir talsins og hafa þeir aldrei verið fleiri. Átakið Inspired by Iceland er talið hafa skilað sér vel.

Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir að reikna megi með því að erlendum ferðamönnum hér á landi fjölgi um 20 prósent frá árinu 2010 og þeim sem um Leifsstöð fara um 22 prósent. Það gæti skilað um 600 þúsund erlendum ferðamönnum til landsins á árinu 2011. „Við spáðum 15 til 20 prósenta aukningu fyrir árið í vor og byggðum það á bókunarstöðunni. Við sáum hvaða áhrif eldgosið í fyrra hafði og sáum því fram á auknar bókanir. Þeir voru ekki margir sem trúðu þessu en nú stefnir í að þetta náist."

Birkir segir að bókunarstaða frá og með haustinu sé mun betri en í fyrra. Spáð sé hátt í 30 prósenta aukningu fyrir september, október og nóvember.

### 30% fjölgun hjá Express

Bókanir hjá Iceland Express fyrir september og október næstkomandi eru 30 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra. Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi flugfélagsins, er ánægður með þessa þróun.

„Þetta eru mjög fínar fréttir," segir Heimir Már. „Þær sýna að okkar markaðsstarf er að skila árangri."

„Í fyrra lentum við í eldgosi og þá var mikið afbókað. Þá var farið í átakið Inspired by Iceland, sem tókst vel. Fjöldi ferðamanna hélst nokkuð í horfinu."

Birkir segir eldgosið hafa haft veruleg áhrif til skamms tíma en til langs tíma hafi það haft góð áhrif til kynningar á Íslandi. Þá sé fjölgunin niðurstaða markaðsherferðar félagsins, sem hafi haldið átakinu áfram. „Þetta eru fyrst og fremst sölu- og markaðsmál sem eru að virka. Það þarf að sækja farþegana. Það eru margir sem halda að þeir bíði í röðum á erlendum skrifstofum, en svo er ekki."

Ekki er enn ljóst hve miklum tekjum fjölgunin skilar, en búist er við töluverði tekjuaukningu í ferðaþjónustu á árinu. Birkir segir eina ástæðu fjölgunarinnar vera aukið framboð á ferðum hjá félaginu og því fylgi aukinn kostnaður.

Fyrirhugað er nýtt markaðsátak á vegum iðnaðarráðuneytisins og hagsmunaaðila. Þar verður Ísland kynnt sem vetraráfangastaður. Birkir segir gríðarlega mikil tækifæri fólgin í því og um ánægjulegar fréttir sé að ræða. „Við vonum bara að allir séu í stakk búnir til að taka við þessum aukna fjölda."

**- kóp**



**VALDATÍÐ GADDAFÍS LOKIÐ** Uppreisnarmenn féllust í faðma í Trípolí í gær þegar þeir höfðu náð borginni að mestu á sitt vald. Íbúar borgarinnar fögnuðu innrásarliðinu en óttuðust frekari átök. NORDICPHOTOS/AFP

Óvíst um afdrif Gaddafís:

## Uppreisnarliði fagnað í Trípolí

**LÍBÍA, AP** „Hin raunverulega sigurstund verður þegar Gaddafí næst," sagði Mustafa Abdel Jalil, leiðtogi bráðabirgðastjórnar uppreisnarliðsins í Líbíu í gær.

Uppreisnarmenn höfðu náð næstum allri höfuðborginni á sitt vald í gær eftir aðeins þriggja daga bardaga. Enn var þó barist við stuðningsmenn Gaddafís en sjálfur var hann hvergi sjáanlegur og óvíst um afdrif hans.

Barack Obama Bandaríkjaforseti og leiðtogar annarra vestrænna ríkja fögnuðu sigrum uppreisnarmanna og hétu þeim stuðningi. Þeir hvöttu Gaddafí til að gefa sig fram og viðurkenna ósigur sinn.

Uppreisnarmenn höfðu handtekið þrjá syni Gaddafís og náð ríkissjónvarpinu á sitt vald en bjuggu sig undir frekari átök við hörðustu stuðningsmenn Gaddafís.

**- gb**

Klofningur í Framsóknarflokknum vegna afstöðu til Evrópumála:

## Guðmundur segir sig úr Framsókn

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Steingrímsson alþingismaður segir sig úr Framsóknarflokknum í dag. Einar Skúlason, varaþingmaður flokksins og oddviti í síðustu borgarstjórnarkosningum, hætti í flokknum í gær og fleiri hyggja á úrsögn.

Titringur hefur verið innan flokksins frá því flokksþing samþykkti í apríl að hagsmunum Íslands yrði best borgið utan Evrópusambandsins.

„Það er náttúrlega leiðinlegt að missa mann úr þingflokknum. Ég skil alveg rök hans, sem eru þau að hann vilji hafa vettvang til að vinna að sínum stefnumálum," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. „Í stjórnmálaflokki eru menn aldrei alveg sammála um alla hluti. Spurningin er bara hvenær menn telja að að of miklu leyti og í of mörgum málum séu þeir ósammála og telji sig fremur eiga heima í öðrum flokki."

Guðmundur segir „íhaldsarm" hafa undirtökin í Framsóknarflokknum. Sjálfur hyggi hann á stofnun nýs flokks. Sigmundur segir langt síðan að heyrast hafi farið af því að menn væru að velta fyrir sér að stofna flokk um Evrópumál. „Ég skal ekki segja hver er hljómgrunnur fyrir slíkan flokk."

**- gar, kóp** / sjá síðu 8










## SPURNING DAGSINS



*Jakob, verður maður ekki timbraður af Birki?*

„Nei, en hins vegar verða menn býsna greinargóðir."

Jakob Svanur Bjarnason mjólkurfræðingur er einn af þeim sem þróað hafa snafsinn Birki sem kynntur verður í dag.

Lánasjóður íslenskra námsmanna vill geta gengið að Viðari Má Matthíassyni:

# LÍN stefnir hæstaréttardómara

**DÓMSMÁL** Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur stefnt Viðari Má Matthíassyni hæstaréttardómara fyrir dóm vegna ábyrgðar sem hann gekkst í fyrir tæpum þremur áratugum.

„Lánasjóðurinn er að krefjast ógildingar á úrskurði málskotsnefndar, sem úrskurðaði að ábyrgð sem ég hafði gengist í á námsláni árið 1982 væri úr gildi fallin. Það eru nú öll ósköpin," segir Viðar, sem kveður málið ekki mikið að vöxtum en hann skilji þó að það veki athygli, enda sárasjaldan sem hæstaréttardómarar eru dregnir fyrir dóm.



VIÐAR MÁR MATTHÍASSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýst deilan um tuttugu ára hámarksuppgreiðslutíma af láninu, eins og áskilið var í öllum samningum um svonefnd V-námslán LÍN, sem voru þau fyrstu sem veitt voru. Þá greiddi lánþegi af láninu í tuttugu ár en að því loknu féllu eftirstöðvarnar niður.

Í þessu tilviki hafði lánþeginn fengið undanþágur frá greiðslum vegna aðstæðna, og var auk þess með ólíkar tegundir af lánum sem hann greiddi af samtímis og allt þetta flækti málið töluvert. Ágreiningur er nú um hvort ábyrgð Viðars hafi fallið úr gildi þegar tuttugu ára hámarksuppgreiðslutíminn var liðinn.

Málið er talið geta verið fordæmisgefandi að einhverju leyti. Það verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn kemur. - sh

Strauss-Kahn laus allra mála:

## Saksóknari vill málið fellt niður

**BANDARÍKIN, AP** Saksóknari í New York fór í gær fram á það fyrir dómi að málið gegn Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmanns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, yrði fellt niður. Strauss-Kahn var sakaður um að hafa reynt að nauðga hótelþernu í vor. Trúverðugleiki þernunnar var dreginn í efa og nú hefur saksóknari metið það svo að ekki sé lengur grundvöllur fyrir málinu. Lögmaður þernunnar segir saksóknara þar með hafa neitað þernunni um að ná fram rétti sínum. - gb

Hamas lofar vopnahléi:

## Árásir þrátt fyrir vopnahlé

**ÍSRAEL, AP** **Hamas-samtökin á Gasasvæðinu sögðust seint á sunnudag hafa fallist á vopnahlé við Ísrael. Þau sögðust jafnframt ætla að sjá til þess að smærri hópar á Gasasvæðinu virtu vopnahléið.**

**Þrátt fyrir það var tólf sprengjuflaugum skotið frá Gasa yfir landamærin til Ísraels eftir að þessi yfirlýsing var gefin.**

**Ísraelskir ráðamenn segjast engan áhuga hafa á átökum við herskáa hópa á Gasa, en segja jafnframt að það sé alfarið undir þeim komið hvort bregðast þurfi við árásum frá þeim.**

**Talið er að Palestínumenn frá Gasasvæðinu hafa staðið að nokkrum árásum á Ísrael síðustu daga. Ísraelski herinn hefur svarað með loftárásum.** - gb



VIÐ TÖKUR Í REYKJAVÍK Hér sést Fathi Jouadi við töku í miðbæ Reykjavíkur fyrr í þessum mánuði. Nú er hann staddur á Nýja-Sjálandi og kannar hvernig trúbræðrum hans reiðir af á hinum megin á hnettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Íslam hefur hjálpað íslenskum þegnum

**Þáttagerðarmaður frá Al Jazeera segir að Íslendingar sem tekið hafi íslamstrú einangrist ekki, þvert á móti styrkist bönd og þeir verði ábyrgari og virkari þegnar. Hann hrífst af heimssýn Íslendinga og segir aðra geta lært af þeim.**

**FÓLK** Þeir Íslendingar sem tekið hafa íslamstrú einangrast ekki í samfélaginu. Þvert á móti styrkjast fjölskyldutengsl þeirra, ábyrgðartilfinningin eykst og þeir sannfærast um að þeir hafi ýmislegt fram að færa til samfélagsins. Þetta segir Fathi Jouadi, þáttagerðarmaður frá Al Jazeera-sjónvarpsstöðinni, en hann var hér á landi fyrr í þessum mánuði við vinnslu á heimildarmynd um trúarlíf múslima á hjara veraldar. Nú er hann staddur á Nýja-Sjálandi og verður reynslan þaðan borin saman við þá sem hann hefur héðan.

Rætt var við Íslendinga sem tekið hafa íslamstrú og aðstandendur þeirra. „Það kom fram hjá aðstandendum að þeir töldu að þessi umskipti hefðu verið til góða, ábyrgðartilfinningin hefði aukist og þau hefðu orðið til þess að viðkomandi tæki lífið í sínar hendur," segir hann. „Þetta hefur ekki orðið til þess að breikka bilið milli þeirra og hinna í fjölskyldunni sem eru kristinnar trúar, þvert á móti. Við tókum einnig eftir því að þessi umskipti höfðu ekki orðið til þess að þeim þætti síður til Íslands og íslenskrar menningar koma. Þvert á móti eru þeir stoltir af sínum bakgrunni og því að vera Íslendingar."

Jouadi segist ekki hafa orðið var við fordóma gagnvart íslam hér á landi. „Nei, alls ekki. Hins vegar urðum við varir við alls konar misskilning varðandi íslam þegar við vorum að ræða þessi mál við Íslendinga. En þegar búið var að uppræta hann var fólk venjulega sammála um að það bæri ekki svo mjög á milli þessara trúarbragða. Þetta er nú af sömu rótinni komið."

Hann segir að enn sé ekki ákveðið hvenær myndin verði sýnd en hann telur nokkuð víst að hún verði til sýnis á öllum stöðvum Al Jazeera, sem ná til eins milljarðs áhorfenda. „Við ferðuðumst um og sáum nokkuð af þessari náttúrufegurð landsins sem mér þótti mikið um. Þessa fegurð fá sjónvarpsáhorfendur að líta."

Hann segist ekki aðeins hafa hrifist af náttúru landsins. „Ég veit ekki hvort það er vegna þess að Íslendingar eru svo fjarri öllum átakasvæðum en mér fannst þeir hafa sérlega húmaníska heimsmynd. Satt að segja tel ég að þeir gætu lagt sitt af mörkum til heimsmálanna með þessa heilbrigðu heimssýn að leiðarljósi."

jse@frettabladid.is

Yfirlýsing frá Jóni Bjarnasyni:

## Tók ákvörðun alveg sjálfur

**LANDBÚNAÐUR** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segist sjálfur hafa tekið ákvörðun um að breyta útreikningi tollkvóta úr magntolli í verðtoll. Tillaga um slíkt hafi ekki komið fram frá ráðgjafanefnd stjórnarráðsins um tollamál.

Þessu lýsir Jón yfir í gær, í sérstakri yfirlýsingu um tollamál.

„Ákvörðun um þessa breytingu var tekin af undirrituðum í ljósi þeirra aðstæðna sem hér sköpuðust við bankahrun haustið 2008," segir í yfirlýsingunni. „Hún tekur mið af gjaldeyrishöftum sem í gildi eru, ástandi í atvinnumálum og fæðuöryggi landsmanna." - gb

Byggingarleyfi sólskála ógilt:

## Missti útsýnið til Snæfellsness

**SKIPULAGSMÁL** **Leyfi sem bæjarstjórn Garðabæjar gaf fyrir því að reist yrði viðbygging við íbúðarhús í Þrastanesi hefur verið ógilt.**

**Gerðar voru tvær aðskildar viðbyggingar við húsið, önnur þeirra tæplega átta fermetra sólskáli út frá herbergi og hin níu fermetra stigahús. Eigandi næsta húss kærði útgáfu byggingarleyfanna.**

**Fulltrúar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála fóru á staðinn og uppgötvuðu að sólskálinn skyggði að hluta til á útsýni kærandans til Snæfellsness. Það sé þvert á það sem sagt hafi verið í kynningu málsins hjá bæjaryfirvöldum og ákvörðun um útgáfu leyfisins fyrir sólskálanum því ekki byggð á réttum forsendum.** - gar



KJARNORKUVERIÐ Ekki þykir óhætt að búa í nágrenni Fukushima. NORDICPHOTOS/AFP

Langvinn geislamengun:

## Íbúarnir fá ekki að snúa heim

**JAPAN, AP** Íbúar á stóru svæði í kringum kjarnorkuverið í Fukushima, sem eyðilagðist í hamförunum í Japan fyrr á árinu, geta margir hverjir líklega ekki snúið aftur heim næstu árin.

Þetta segir Yukio Edano, ráðherra í ríkisstjórn Japans, og bætir því við að stjórninni þyki þetta afar leitt.

Öll íbúðabyggð í allt að 20 kílómetra fjarlægð frá verinu var rýmd, þegar geislavirkni tók að berast þaðan í kjölfar hamfaranna. Auk þess voru byggð í allt að 30 kílómetra fjarlægð settar strangar skorður.

Samkvæmt nýrri skýrslu virðist sem geislavirkni verði þar yfir heilsumörkum um langa hríð. - gb



NÝR SKÓLI Skóli var settur í Sæmundarskóla í Grafarholti í gær. Að lokinni skólasetningu var foreldrum og nemendum boðið að skoða nýtt húsnæði skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fiskeldisfyrirtæki hefur tryggt sér orku og land fyrir 2,5 milljarða eldisstöð:

# HS Orka semur við Stolt Sea Farm

**SJÁVARÚTVEGUR** Forsvarsmenn HS Orku og alþjóðlega fiskeldisfyrirtækisins Stolt Sea Farm gengu í gær frá samstarfssamningi. Hann felur í sér að Stolt Sea Farm fái að nýta land og heitt vatn frá HS Orku fyrir eldisstöð á Reykjanesi. Áformin miðast við að framkvæmdir við eldisstöðina hefjist í lok árs.

„Þetta eru mjög fá megavött sem um ræðir, þetta er engin stóriðja í þeim skilningi," segir Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður HS Orku. „Þetta er hins vegar mjög góð viðbót og eykur fjölbreytnina við nýtingu jarðhitans. Þetta nýtir til dæmis afgangsorku frá orkuverinu sem annars yrði ekki notuð."



REYKJANESVIRKJUN Stjórnarformaður HS Orku segir að með samningum sé búið að bæta við þá flóru sem vaxi í jarðvarmanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta verður eldisstöð fyrir senegalflúru en Pablo Garcia, forstjóri Stolt Sea Farm, segir fyrirtækið vera það fremsta í heiminum í slíku eldi. Auk þess að ræða við forsvarsmenn HS Orku, sat hann einnig fund með Árna Sigfússyni, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, í gær. García hefur sagt við Fréttablaðið að eldisstöðin, sem byggð verður á um sjö hektara svæði, muni skapa atvinnu fyrir um fimmtíu manns og búast megi við að um sjötíu og fimm önnur störf skapist samhliða þeim. Áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar verður ekki minni en 2,5 milljarðar. Enn er þó ekki kálið sopið því Umhverfisstofnun hefur enn ekki veitt fyrirtækinu starfsleyfi. - jse

Skólasetning í Reykjavík:

## 1.400 nemendur í fyrsta bekk

**MENNTAMÁL** Skólasetning fór fram í 37 grunnskólum borgarinnar í gær, tveimur sérskólum og fimm einkaskólum. Um 1.400 börn eru að setjast í fyrsta sinn á skólabekk, en alls verða nemendur grunnskólanna í Reykjavík um 14 þúsund.

Nýr sérskóli, Klettaskóli var settur við hátíðlega athöfn. Í skólanum eru 94 nemendur með sérþarfir og þroskahömlun. Tíu nýnemar koma í skólann þetta haustið og níu nemendur úr öðrum grunnskólum borgarinnar.

Klettaskóli varð til við sameiningu Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla.

## KARÍBAHAF

### Tuttugu sluppu úr eldi

Tuttugu manns sluppu ómeiddir þegar eldur braust út á heimili Sir Richard Branson á Necker-eyju í Karíbahafi í dag. Mikill hitabeltisstormur gengur nú yfir Karíbahaf og er talið að eldingu hafi lostið niður í húsið og kveikt eldinn. Branson, sem er forstjóri Virgin Group, var staddur í nálægu húsi þegar eldurinn braust út. Hann slapp því ómeiddur.




Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarða heims. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum.

Úrval Útsýn | Lágmúla 4 108 Rvk | 585 - 4000 | www.urvalutsyn.is

* Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á The Floridina Hotel með morgunmat í 8 nætur (8.okt - 16.okt). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á

## Lokabardagar um Trípolí



**FAGNAÐ Í TRÍPÓLÍ** Uppreisnarmönnum var ákaft fagnað þegar þeir fóru um götur Trípolí í gær. Þeir höfðu náð stærstum hluta borgarinnar á sitt vald eftir aðeins þriggja daga bardaga. NORDICPHOTOS/AFP

# Valdatími Gaddafís er á enda runninn

**Uppreisnarmenn og íbúar í Trípolí fögnuðu ákaft falli Múammars Gaddafí í gær en bjuggu sig jafnframt undir hörð lokaátök við liðsmenn hans. Gaddafí sjálfur var ófundinn í gærkvöld. Mikil óvissa ríkir um framtíð landsins.**

**LÍBÍA** Uppreisnarliðið í Líbíu hafði í gærkvöld náð höfuðborginni Trípolí að mestu á vald sitt en barðist áfram við dygga stuðningsmenn Múammars Gaddafí á ýmsum stöðum í borginni. Hvergi sást til Gaddafís sjálfs en augljóst mátti vera að valdatíð hans væri á enda.

Uppreisnarliðið handtók í gær tvo af sonum Gaddafís, Saif al-Islam og Mohammed. Óstaðfestar fregnir bárust af því að þriðji sonurinn, Al-Saadi, hefði annað hvort verið handtekinn líka eða felldur.

Innrásin í Trípolí hefur gengið mjög hratt fyrir sig. Hún hófst á laugardaginn með sprengjuárásum og skotbardögum í úthverfum borgarinnar, hélt áfram af fullum krafti á sunnudag og sigur var nánast í höfn í gær, aðeins þremur dögum eftir að átökin um höfuðborgina hófust.

Í gær náðu uppreisnarmennirnir meðal annars ríkisútvarpi landsins á sitt vald og voru útsendingar þegar í stað stöðvaðar. Þar með missti stjórn Gaddafís mikilvægasta vettvang sinn til að hvetja stuðningsmenn sína til að verjast uppreisnarmönnum.



**INNRÁSIN GEKK HRATT FYRIR SIG** Uppreisnarmenn hófu innrás sína í Trípolí á laugardag og virtust hafa náð borginni að mestu á sitt vald í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar í borginni virtust almennt fagna tímamótunum en óttuðust jafnframt að erfið átök gætu haldið áfram. „Við trúum því ekki að þetta sé að gerast í raun og veru,“ sagði þrítugur maður, Ashraf Haliti, sem vinnur á kaffihúsi nálægt Græna torginu, sem uppreisnarmenn nefna nú á ný Píslarvottatorgið eins og það hét fyrir valdatíð Gaddafís.

Uppreisnarmenn stofnuðu strax í febrúar, þegar átökin höfðu aðeins staðið yfir í fáeinar vikur, bráðabirgðastjórn í borginni Bengasí í austurhluta landsins. Æ fleiri ríki hafa nú viðurkennt þessa bráðabirgðastjórn sem lögmæta ríkisstjórn landsins. Fátt eitt er vitað um það hvernig hún hyggst stjórna landinu eða hvort hún nýtur stuðnings landsmanna þegar á reynir.

gudsteinn@frettabladid.is

## Uppreisnarmenn streyma inn í höfuðborgina

**Uppreisnarmenn ráða stærstum hluta borgarinnar Trípólí, nema aðsetri Gaddafís, Bab al-Azizia-Jazeera, þar sem harðir bardagar geisuðu í gær. Borgirnar Misrata og Bengasí eru á valdi uppreisnarmannanna.**




© GRAPHIC NEWS MYNDIR/GETTY IMAGES

## Atburðir frá upphafi mótmæla

**17. febrúar** Opinber byltingardagur. Mótmæli hófust tveimur dögum fyrr í Bengasí og víðar. Skotið var á þúsundir mótmælenda og minnst tólf létust.

**20. febrúar** Uppreisnarmenn náðu Bengasí á sitt vald. Þá höfðu hundruð mótmælenda verið drepin á nokkrum dögum. Næstu vikurnar gerði herlið Gaddafís árásir á borgina en náði henni aldrei aftur.

**10. mars** Stjórnarherinn varpar sprengjum á Brega og nær tveimur öðrum bæjum á sitt vald. Uppreisnarmenn hörfuðu í vesturhluta landsins. Uppreisn í Savíja, 50 kílómetra austan við höfuðborgina Trípólí, brotin á bak aftur. Gaddafí kenndi erlendum ríkjum um mótmælin og hótaði mótmælendum.

**19. mars** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna setti flugbann yfir Líbíu og leyfði hernað til að vernda almenning. NATO hóf loftárásir stuttu síðar.

**15. maí** Herlið Gaddafís hörfaði frá Misrata eftir margra mánaða bardaga. Hundruð borgara og uppreisnarmanna létust og þúsundir særðust.

**28. júlí** Uppreisnarmenn höfðu náð stórum svæðum í vesturhluta landsins, meðal annars mikilvægum vegum sem tengja Trípólí við Túnis.

**15. ágúst** Uppreisnarmenn náðu bænum Garjan, 80 kílómetra sunnan við höfuðborgina, og höfðu þá í reynd umkringt höfuðborgina Trípólí.

Bretar og Þjóðverjar hyggjast láta fryst fé af hendi:

## Styðja nýju stjórnina

Þjóðarleiðtogar víða um heim lýstu því yfir í gær að stjórn Gaddafís væri fallin. Þeir hvöttu jafnframt einræðisherrann til þess að gefast upp og komast þannig hjá frekara blóðbaði.

Þrátt fyrir að ekki sé vitað hvar Gaddafí dvelst hófst áætlanagerð fyrir framtíðina. Bretar segjast ætla að láta af hendi á næstunni þá fjármuni sem þeir frystu. Þjóðverjar hyggjast gera slíkt hið sama. Frakkar greindu frá áætlunum um alþjóðlegan fund um málið í næstu vikunni og Ítalir hafa sent mannskap til höfuðstöðva uppreisnarmannanna í Bengasí til að aðstoða við uppbyggingu og endurreisn olíu- og gasvinnslu.

Evrópusambandið hefur heitið því að halda áfram að styðja við breytingar í Líbíu.

Leiðtogar hafa jafnframt varað við hættunni á því að mannskæð átök haldi áfram og versni ef Gaddafí fari ekki frá völdum.


MULTI DOPHILUS FORTE




Ný og öflug blanda af meltingargerlum

Multidophilus Forte er breiðvirk probiotic blanda sem inniheldur 10 MILLJARÐA VIRKRA GERLA.

Mælt er með einu hylki á dag til að viðhalda góðri þarmaflóru.

„Probiocap®“ Multidophilus forte er framleitt með nýrri aðferð sem tryggir líftíma gerlana og virkni þeirra.

Fæst í heilsubúðum, apótekum og flestum matvöruverslunum.

heilsa –hafðu það gott


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTLEGT**

Haustlegt veður er í kortunum þessa vikuna. Væta S- og V-til í dag en færist A-yfir fram á morgundaginn. Skýjað eða skýjað með köflum um mest allt land a.m.k. fram á fimmtudag. Hiti á bilinu 7-14 stig.



**Á MORGUN** víða 5-10 m/s, hvassara við SA-til.

**FIMMTUDAGUR** víða 3-8 m/s, hvassa NV- og SA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 32° |
| Friedrichshafen | 32° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 22° |
| París | 23° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# NÝR SANTA FE
## DÍSIL, 197 HESTÖFL



Komdu og reynsluaktu nýjum Santa Fe í dag!

ENNEMM / SÍA / NM47490

### Santa Fe

Fjölmargar nýjungar er að finna í nýjum Hyundai Santa Fe en þær merkustu leynast undir vélarhlífinni. Þar situr splunkuný, 197 hestafla dísilvél, sem eyðir ekki nema tæpum sjö lítrum á hverja hundrað km! Útlit bílsins hefur allt verið uppfært, en sem fyrr er Santa Fe rúmgóður og öruggur fjölskyldubíll sem þekktur er fyrir áreiðanleika og gæði. Líttu til okkar og kynntu þér glæsilegan jeppa á góðu verði.

Verð **6.890.000 kr.***

Eyðsla í langkeyrslu 6,2 l/100 km

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**



*ix35*

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 5.590.000 kr.**

Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km

* Þar sem nýr Santa Fe fellur í lægri tollaflokk (mengar minna) en eldri gerðir er hann nú á betra verði en áður.



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## KJÖRKASSINN



*Á Landspítalinn að vera undanþeginn niðurskurði á næstu fjárlögum?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,9% |
| Nei | 14,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að taka tillit til stofna laxfiska við gerð vatnsfallsvirkjana?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Torfhildur Torfadóttir lést í gær, 107 ára að aldri:

# Elsti Íslendingurinn lést í gær

**ANDLÁT** Elsti Íslendingurinn, Torfhildur Torfadóttir, lést á Ísafirði í gær. Torfhildur varð 107 ára gömul 24. maí síðastliðinn.

Hún var fædd í Asparvík í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu 24. maí árið 1904, yngst ellefu systkina, og ólst upp í Selárdal í Steingrímsfirði. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Torfhildur var í vinnumennsku í Reykhólasveit í Austur-Barðastrandarsýslu eftir fermingu. Hún flutti síðan til Ísafjarðar og giftist Einari Jóelssyni sjómanni. Einar lést árið 1981. Þau eignuðust fimm börn og eru þrjú á lífi, Torfi 61 árs, Sigurbjörn 69 ára og Kristín 78 ára.

Langlífi virðist vera í ætt Torfhildar, því bróðir hennar, Ásgeir, varð hundrað ára, Eymundur, annar bróðir, 96 ára og Guðbjörg systir hennar 91 árs. Ekki er vitað um neina íbúa Vestfjarða sem náð hafa hærri aldri en Torfhildur, samkvæmt vefsíðunni Langlífi.net. Torfhildur dvaldist á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði á síðustu árum.

Guðríður Guðbrandsdóttir, sem varð 105 ára í maí, er nú elsti Íslendingurinn. - sv



**TORFHILDUR Í KVENNAHLAUPI 102 ÁRA** Torfhildur tók þátt í Kvennahlaupi ÍSÍ árið 2006 þegar hún var 102 ára að aldri. Hún var elsti keppandinn á landsvísu.

Fjögurra bíla árekstur:

# Á slysadeild eftir árekstur

**LÖGREGLUMÁL** Fjögurra bíla árekstur varð á gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar síðdegis í gær.

Einn var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Áverkarnir reyndust ekki alvarlegir.

Töluverðar tafir urðu á umferð í kjölfar árekstrarins.

Þá varð einnig þriggja bíla árekstur á Dalvegi í Kópavogi í gær. Þrír voru fluttir á slysadeild til frekari skoðunar en ekki var um alvarlega áverka að ræða.





## INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**


# Einungis sex trúfélög af 35 hafa svarað bréfi

**Öll skráð trúfélög landsins áttu að svara fyrirspurn ráðuneytis varðandi reglur um meðferð kynferðisbrota fyrir helgi, en einungis sex hafa svarað. Formaður fagráðs innanríkisráðuneytis segir að lagabreytingar muni verða á næstunni.**

**TRÚMÁL** Fagráð innanríkisráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota innan trúfélaga hefur sent öllum skráðum trúfélögum í landinu bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um þær reglur eða verkferla sem styðst er við innan félaganna ef kynferðisbrot eru tilkynnt. Formaður fagráðsins segir að lagabreytinga sé von á næstu misserum.

> Það er ríkur vilji til að hafa þessi mál uppi á borðinu. Það er ekki hægt að hafa þetta í rassvasabókhaldinu áfram.
>
> **GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**
> FORMAÐUR FAGRÁÐS UM MEÐFERÐ KYNFERÐISBROTA

„Það vilja allir sjá heildstæða lagabreytingu hjá trúfélögunum, þannig að þau fái stoð í lögum um að búa til fagráð,“ útskýrir Guðrún Ögmundsdóttir, formaður fagráðsins. „Nú er gerjunin mikla eftir sumarleyfi búin og haustið verður sá tími þar sem afurðirnar munu skila sér í þingmálum og lagabreytingum.“

Alls eru 36 trúfélög skráð á Íslandi. Einungis eitt, þjóðkirkjan, er með starfandi fagráð og því fékk hún ekki bréf frá ráðuneytinu.

Frestur til svara rann út á föstudag og samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hafa sex trúfélög svarað. Í bréfi ráðuneytisins er óskað eftir upplýsingum um hvernig farið er með tilkynningar um kynferðisbrot innan trúfélagsins og einnig hvort, og þá hver, farvegur tilkynninganna sé. Jafnframt hvort farvegurinn sé markaður með reglum, hvort tiltekinni einingu hafi verið falið hlutverk í þessu samhengi og hvort aðilum máls séu veitt skilgreind stuðningsúrræði ef upp koma ásakanir um kynferðisbrot.

Fagráð innanríkisráðuneytisins hefur enn ekki tekið saman heildarfjölda mála sem því hafa borist, þar sem það er svo nýlega tekið til starfa. Guðrún segir að hlutir séu nú að fara í faglegra og betra ferli eftir að fleiri mál komi upp. Hún bendir þar einnig á óskir íþrótta- og æskulýðsfélaga um stofnun fagráðs.

„Það er ríkur vilji til að hafa þessi mál uppi á borðinu. Það er ekki hægt að hafa þetta í rassvasabókhaldinu áfram,“ segir hún. „Og það þarf að gefa þessari vinnu lagastoð, það er ekki nóg að þetta sé í reglugerðum og góðum vilja. Þetta þarf að vera skýrt í lögum og þannig kemur vilji löggjafans einnig fram.“

Næstu skref fagráðsins eru að taka saman svör trúfélaganna og koma þeim í farveg. Samtök á borð við Drekaslóð, Stígamót og Blátt áfram verða einnig kölluð á fund til fagráðsins til ráðgjafar og hugsanlegrar samvinnu. sunna@frettabladid.is



**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR** Formaður fagráðs innanríkisráðuneytis segir nauðsynlegt að festa meðferð á kynferðisbrotum innan trúfélaga í lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**Trúfélögin sem hafa svarað ráðuneytinu**

| Trúfélag | Fjöldi |
|---|---|
| Fríkirkjan í Hafnarfirði | 5.653 |
| Fríkirkjan í Reykjavík | 8.728 |
| Íslenska Kristskirkjan | 294 |
| Krossinn | 559 |
| Óháði söfnuðurinn | 3.053 |
| Vegurinn | 658 |


## Stökktu til Tyrklands

Einstakt tækifæri
27. ágúst - 10 nátta ferð

Frá aðeins kr.
**79.900 með morgunmat**

**Frá kr. 89.900 m/hálfu fæði - kr. 99.900 m/„öllu inniföldu“**
Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á allra síðustu sætunum til Tyrklands 27. ágúst í 10 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum. Fjölbreytt önnur sértilboð í boði.**

**Kr. 79.900 - 10 nátta ferð**
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 10 nætur. Aukalega m.v. hálft fæði kr. 10.000 fyrir fullorðna og kr. 5.000 fyrir börn. Aukalega m.v. „allt innifalið“ kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn.

**Ath.** - verð getur hækkað án fyrirvara.

Heimsferðir
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099**
**www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA – MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Íslendingar nota netið næstmest á eftir íbúum Mónakó:

# 97 prósent landsmanna nota netið

**TÆKNI** Íslendingar eru sú þjóð sem notar internetið næstmest í heimi. Einungis Mónakóbúar eru með hærra hlutfall, eða 97,6 prósent, á móti 97 prósentum Íslendinga. Þetta eru niðurstöður alþjóðlegrar samanburðarrannsóknar fréttastofunnar CNN.

Nærri 2,1 milljarður manna, um 30 prósent af heildarfjölda mannkyns, notar internetið. CNN vitnar í upplýsingar frá vefsíðunni www.internetworldstats.com.

Fjöldi þeirra sem nota internetið hefur fimmfaldast síðan árið 2000. Flestir notendur eru í Kína og Bandaríkjunum, en einungis rúm 36 prósent heildarfjölda Kínverja nota netið og 78 prósent Bandaríkjamanna.

Fram kemur í frétt CNN að Norðurlandaríkin séu almennt nokkuð vel tengd. Noregur er í þriðja sæti á eftir Íslandi, með 94,4 prósenta hlutfall.

Þau lönd þar sem nettengingar eru hvað óalgengastar eru fátæk Afríkuríki, þar á meðal Líbería, Eþíópía og Sómalía. - sv

**Norðurlönd ofarlega**

| Land | Hlutfall notenda |
|---|---|
| Mónakó | 97,7% |
| **ÍSLAND** | **97,0%** |
| Noregur | 94,4% |
| Falklandseyjar | 92,4% |
| Svíþjóð | 92,4% |
| Grænland | 90,2% |
| St. Lúsía | 88,5% |
| Holland | 88,3% |
| Danmörk | 85,9% |
| Finnland | 85,5% |

Heimild: Internet World Stats



**ÍSLENDINGAR OG INTERNETIÐ** Íslendingar hafa oft og tíðum náð inn á hina ýmsu heimslista og er listi yfir internetnotkun einn af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VW Touareg V10 TDi**
Árgerð 2004, dísel
Ekinn 153.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**3.950.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Passat** Comfort TDi
Árgerð 2006, dísel,
Ekinn 83.000 km, beinsk.
Ásett: 2.290.000
Tilboðsverð
**2.060.000,-**



**Subaru Impreza**
Árgerð 2008, bensín,
Ekinn 51.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.820.000
Tilboðsverð
**2.490.000,-**



**MM Pajero** Intense
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 79.000 km, sjálfsk.
Ásett: 5.490.000
Tilboðsverð
**4.990.000,-**



**Audi A6** 4.2 Quattro
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 98.000 km, sjálfsk.
Ásett: 3.590.000
Tilboðsverð
**2.990.000,-**



**Audi Q7** 4.2 S-Line
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 54.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**7.990.000,-**



**Skoda Fabia** Combi
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsksk.
Ásett verð
**1.990.000,-**



**VW Polo** Comfortline
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 58.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**1.780.000,-**



**Toyota** Land Cruiser
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 58.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.380.000,-**



**Suzuki SX4**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 9.900 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.190.000,-**



**Skoda Octavia** TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 69.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.390.000,-**



**Skoda Roomster**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 61.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.750.000,-**



**MM Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.840.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Með hvaða liði spilar Veigar Páll Gunnarsson?
2. Hvað er Bon Iver?
3. Hver endurskrifar handritið að Viking, víkingamynd Baltarsars Kormáks?

SVÖR:

1. Vålerenga 2. Hljómsveit 3. Karl Gajdusek

Árlegri fálkatalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands lokið:

# Fálkastofninn nálgast hámark

**DÝRALÍF** Árlegri talningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á fálkum er lokið. Stærsti áhrifaþáttur á stærð stofnsins er ástand rjúpnastofnsins, en rjúpa er mikilvægasta fæða fálka.

„Mjög sterk tengsl eru milli fálka- og rjúpnastofnsins. Rjúpnastofninn er ansi sveifukenndur og raunar með furðu reglulegar sveiflur sem ná hámarki á ellefu ára fresti. Fálkastofninn sýnir hliðstæðar sveiflur en ekki eins ýktar,“ segir Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur við Náttúrufræðistofnun.

Ólafur segir fálkum sennilega fjölga næstu tvö árin en fara svo fækkandi þar sem rjúpnastofninn hafi náð toppi í fyrra. Fálkastofninn nái þó varla neinu háflugi þar sem toppurinn hafi verið lágur.

„Rjúpum fækkaði mikið núna en ekki er við því að búast að fálkum fækki verulega fyrr en eftir kannski tvö ár,“ segir Ólafur.

Stofnunin hefur talið fálka í Þingeyjarsýslum frá maí til júní ár hvert frá árinu 1981. Fálkaóðul eru þá heimsótt og athugað hvort þau séu í ábúð eða ekki en sömu óðulin eru notuð af fálkum ár eftir ár. Í ár voru 59 prósent þeirra í ábúð. - mþl



**FÁLKI** Stærð fálkastofnsins ræðst aðallega af stærð rjúpnastofnsins en rjúpa er mikilvægasta fæða fálkans. MYND/GUNNLAUGUR ÖRN VALSSON

Ný könnun gerð í Evrópu:

# Kynþáttahatur á netinu eykst

**SVÍÞJÓÐ** Vefsíðum með boðskap um kynþáttahatur hefur fjölgað verulega í Evrópu að undanförnu samkvæmt nýbirtri skýrslu sem gerð var á vegum sænskra stjórnvalda. Samkvæmt regnhlífarsamtökunum INACH eru slíkar síður nú 15 þúsund. Árið 2009 er talið að þær hafi verið 8.000.

Samkvæmt skýrslunni finnst gyðingum og múslímum sér sérstaklega mismunað, einkum skeggvöxnum rétttrúnaðargyðingum og konum með slæðu og blæju fyrir andlitinu. - ibs






# Evrópumál kljúfa fólk frá Framsóknarflokki

**Guðmundur Steingrímsson mun segja sig úr Framsóknarflokknum í dag ásamt hópi flokks. Hörð andstaða gagnvart ESB sögð ástæðan. Nýr flokkur í farvatninu. Siv er ekki á leið úr flokknum. Varaþingmaður sagði sig úr flokknum í gær.**

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Steingrímsson alþingismaður segir sig úr Framsóknarflokknum í dag.

„Flokkurinn fór smám saman í aðra átt en ég gat farið í. Það er ágreiningur í Evrópumálum en hann endurspeglar líka ágreining um grundvallaratriði í pólitík,“ segir Guðmundur, sem vill að staðið verði af ábyrgð við það ferli sem aðildarviðræður að Evrópusambandinu séu í. Hann nefnir einnig ólík sjónarmið um stjórnlagaráð og markaðs- og nútímavæðingu atvinnulífsins, orkumál og landbúnað.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Guðmundur afhendir í dag Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, úrsagnarbréf sitt. „Við áttum hreint ekki mikla málefnalega samleið. Ef maður er endalaust að tala sér þvert um geð og tala upp málstað sem maður styður ekki er maður óheiðarlegur og óeinlægur í pólitík,“ segir Guðmundur, sem kveður „íhaldsarminn“ í Framsóknarflokknum og „þjóðernisíhaldssemi“ hafa náð yfirhöndinni yfir þeim sem séu frjálslyndir.

„Galdurinn við að stjórna Framsóknarflokknum hefur verið sá að geta talað við báða hópana,“ segir Guðmundur, sem kveðst ætla að vinna að stofnun nýs stjórnmálaflokks. Honum líki ekki sú alhæfinga- og ásakanapólitík sem einkenni núverandi flokka. „Mig langar virkilega til að láta á það reyna hvort það er ekki fólk sem er til í að sjá frjálslyndan, víðsýnan, Evrópusinnaðan og grænan miðjuflokk.“



**Á ÚTLEIÐ** Guðmundur Steingrímsson mun segja sig úr Framsóknarflokknum í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun stofnun nýs stjórnmálaafls vera til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigmundur Davíð lagði til í grein í Morgunblaðinu í síðustu viku að viðræðurnar við Evrópusambandið yrðu lagðar til hliðar. Sú grein kallaði á úrsögn nokkurra framámanna í flokknum.

Fleiri eru að yfirgefa Framsóknarflokkinn. Meðal þeirra er Einar Skúlason, fyrsti varaþingmaður flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, sem gekk úr flokknum í gær. Bjarni Benediktsson, kosningastjóri Guðmundar í síðustu alþingiskosningum, mun einnig á leið úr flokknum. Ekki er vitað að nokkur annar þingmaður hyggist fylgja Guðmundi úr flokknum.

Siv Friðleifsdóttir þingmaður greiddi atkvæði með aðildarviðræðunum, ásamt Guðmundi og Birki Jóni Jónssyni varaformanni. Hún segist ekki hafa breytt þeirri skoðun sinni að ljúka eigi aðildarviðræðum og bera niðurstöðuna undir þjóðaratkvæði. Siv segist ætla að berjast áfram fyrir framfaramálum á Alþingi. „Ég er ekki á leið úr Framsóknarflokknum,“ segir hún.

gar@frettabladid.is, kolbeinn@frettabladid.is


VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á! TOPTUL THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS




IBTTG-28305

283 HLUTA VERKFÆRASKÁPUR.

1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett,
slaghamar, splittatangir, tangir, bitar og fl.
Lífstíðarábyrgð af toppum og föstum lyklum.

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir. vísir


Umsóknarfrestur um endurgreiðslu vegna nýsköpunar og rannsókna rennur út:

# Áttu von á fleiri umsóknum

**IÐNAÐUR** Um mánaðamótin rennur út umsóknarfrestur um endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsóknarstarfs og þess háttar.

Nýsköpunar- og rannsóknarfyrirtækin eiga rétt á þessari endurgreiðslu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hún getur numið talsverðum upphæðum, eða tuttugu prósentum af kostnaði vegna rannsókna og nýsköpunar.

Í fyrra sóttu um 140 fyrirtæki um slíkar greiðslur til Rannísss. Sigurður Björnsson, fagstjóri nýsköpunar og tækniþróunar hjá Rannís, segist hafa átt von á ívið fleiri umsóknum.

„Það voru margir sem höfðu samband eftir að umsóknarfresturinn rann út og sögðust bara hafa misst af þessu,“ segir hann til skýringar. Í ár virðist margir ætla að bíða fram á síðustu stundu að sækja um endurgreiðslur, en Sigurður segist þó eiga von á fleiri umsóknum nú.

Alþingi samþykkti umrætt frumvarp fjármálaráðherra 2009, en það stóðst í fyrsta kasti ekki skoðun ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Eftir umfjöllun ESA var lögunum breytt þannig að eðli endurgreiðslnanna breyttist en upphæðirnar hækkuðu á móti. - kóþ



**NÝSKÖPUN** Í fyrra gleymdu sum nýsköpunarfyrirtækin að sækja fé sem þau eiga rétt á að fá frá ríkinu, segir Sigurður Björnsson. Umsóknarfresturinn í ár rennur út um mánaðamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Forritunar- og Tækninám NTV




## NTV opnar nýjar leiðir út á vinnumarkaðinn

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Námið samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur af öllum pakkanum.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified IT Professional"

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 272.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. ágúst |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified IT Professonal

| Morgunnámskeið byrjar 5. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. sept. |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 29. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. sept. |

### Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000.-

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt virðist vanta nýja starfskrafta. Markmiðið með þessu námskeiði er að undirbúa nemendur fyrir Diplomanám í forritun og einnig að gera nemendum betur kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut. Til þess að komast áfram í diplomanámið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplomanámið.

| Síðdegisnámskeið byrjar 11. okt. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. okt. |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. september |

### Leikjaforritun - 204 stundir - Verð: 289.000.-

Þeir sem ætla að fara í þetta nám þurfa að hafa þekkingu á C# og almennri forritun eða hafa lokið „Diplomanámi í forritun" hjá NTV. Námskeiðið miðar að því að gefa innsýn í almenna leikjaþróun og forritun og er unnið í Microsoft XNA þróunar umhverfinu.

Farið er yfir helstu atriði leikjaforritunar með það að markmiði að gefa góða grunnþekkingu á hinum ýmsu sviðum leikjaþróunar. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar og mun nemendum m.a. gefast kostur á að vinna að eigin leikjaverkefnum..

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. september |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 11. október |

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions — OPIN KERFI — PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER — PROMETRIC

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS



**KÆLA SIG NIÐUR** Feðgar í Lyon í Frakklandi skemmta sér hið besta í gosbrunni. Hitinn var 35 stig og hvert tækifæri notað til að kæla sig niður. NORDICPHOTOS/AFP

Þórólfur Matthíasson hagfræðingur vísar athugasemdum Hagsmunasamtaka heimilanna á bug:

# Hugsanavilla Hagsmunasamtakanna

**EFNAHAGSMÁL** Þórólfur Matthíasson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, vísar athugasemdum Andreu Ólafsdóttur, formanns Hagsmunasamtaka heimilanna, á bug. Andrea gerði um helgina athugasemdir við gagnrýni Þórólfs á útreikninga samtakanna.

„Mér fannst undarlegt að sjá vitnað til tveggja manna tals okkar á opinbergum vettvangi,“ segir Þórólfur og bætir við: „Samtal mitt við Andreu staðfesti reyndar vissu mína um í hverju er fólgin sú hugsanavilla sem liggur að baki nýjustu herferð Hagsmunasamtaka heimilanna. Villan felst í því að beitt er samlagningu þar sem margföldun á við.“



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

Þórólfur segist ekki munu fela Andreu Ólafsdóttir að vera blaðafulltrúi sinn og segir Andreu draga rangar ályktanir af spjalli þeirra. „Vera má að Andrea Ólafsdóttir telji að rangt sé rétt og rétt rangt. Aðrir verða að fá að vera frjálsir að því að telja rétt rétt og rangt rangt,“ segir Þórólfur.

> Villan felst í því að beitt er samlagningu þar sem margföldun á við.
>
> **ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON** HAGFRÆÐINGUR

Hagsmunasamtök heimilanna sendu nýverið kvörtun til umboðsmanns Alþingis varðandi reikninga fjármálastofnana á verðtryggingu lána. Samtökin telja vafa leika á því hvort lagastoð sé fyrir viðtekinni reikningsaðferð.

Lögfræðilegri greinargerð frá samtökunum fylgir dæmi þar sem borin eru saman tvö lán, annað með verðtryggðum höfuðstól og hitt með verðtryggðum greiðslum. Er komist að þeirri niðurstöðu að hagstæðara sé fyrir lántakendur að greiðslur séu verðtryggðar í stað höfuðstóls. Þórólfur segir það hins vegar ekki vera rétt, lánaform eigi ekki að hafa áhrif á heildarverðmæti lánaafborgana. - mþl

# Neitað um viðkvæm gögn um Jón Ásgeir

**Gjaldþrotadómstóll í New York hefur neitað slitastjórn Glitnis um aðgang að ítarlegum persónu- og fjárhagsupplýsingum um Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörgu Pálmadóttur. Hjónin töldu upplýsingarnar vera viðkvæm einkamál.**

**DÓMSMÁL** Persónu- og fjárhagsupplýsingar um hjónin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörgu Pálmadóttur, sem liggja hjá bönkum vestanhafs og hússtjórn lúxusíbúðablokkar á Manhattan, verða ekki aðgengilegar slitastjórn Glitnis nema að örlitlu leyti. Þetta er niðurstaða gjaldþrotadómstóls í New York, sem kvað upp úrskurð þess efnis á föstudag.

Slitastjórnin stefndi bönkunum tveimur, Citigroup og Royal Bank of Canada, og hússtjórninni að Gramercy Park North 50, þar sem hjónin áttu íbúðir, til afhendingar gagnanna í fyrravor í tengslum við risavaxið skaðabótamál á hendur sjö manns tengdum Glitni.

Upplýsingarnar sem um ræðir eru annars vegar reikningsyfirlit og viðskiptasaga þeirra úr bönkunum tveimur, öll samskipti við bankana og hvaðeina sem til væri um fjárhag þeirra, eignir og annað. Frá hússtjórninni var farið fram á ítarlegar fjárhags- og persónuupplýsingar sem hjónin þurftu að skila inn þegar íbúðirnar voru keyptar, meðal annars skattframtöl aftur í tímann og reikningsyfirlit.

Slitastjórnin taldi að allar þessar upplýsingar væru ákaflega mikilvægar fyrir málareksturinn þar ytra, enda gætu þær sýnt fram á það hvert fjármunirnir runnu sem hjónin og meintir samverkamenn þeirra áttu að hafa sogið út úr Glitni með viðamiklu samsæri.

Jón Ásgeir og Ingibjörg mótmæltu þessari kröfu hins vegar harðlega, sögðu upplýsingarnar ákaflega viðkvæmar og persónulegar og kæmu málinu ekki við á nokkurn hátt.



**LÚXUSÍBÚÐABLOKKIN Á MANHATTAN** Þegar hjónin sóttu um að fá að kaupa íbúð í þessu húsi þurftu þau að skila inn ítarlegum upplýsingum um persónulega hagi sína. Slitastjórnin fær þær ekki nema að örlitlu leyti.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og skaðabótamáli slitastjórnarinnar meðal annars verið vísað frá dómi þar sem ekki var talinn grundvöllur fyrir því að höfða það í New York. Þeirri niðurstöðu hefur slitastjórnin áfrýjað.

Kröfunni um opinberun gagnanna var hins vegar haldið lifandi fyrir gjaldþrotadómstól þar sem þau væru talin mikilvæg fyrir slitameðferð þrotabús Glitnis. Í apríl síðastliðnum féllst dómstóllinn á kröfuna og úrskurðaði að gögnin skyldu opinberuð.

Jón Ásgeir og Ingibjörg kröfðust þess í kjölfarið að úrskurðurinn yrði ógiltur með sömu rökum og þau höfðu tíundað í málarekstrinum í fyrra. Fyrir helgi féllst svo gjaldþrotadómstóllinn á ógildingarkröfuna að langstærstum hluta.

Dómarinn Stuart M. Bernstein sagði að stefnurnar til gagnaöflunarinnar væru fyrst og fremst „veiðiferð“ til að komast í fjárhagsupplýsingar hjónanna, hvort sem þær tengdust Glitni eða ekki.

Niðurstaða hans var að engar upplýsingar skyldu opinberaðar nema þær sem tengdust beint verðmæti einnar íbúðarinnar að Gramercy Park og veði Glitnis í henni.

stigur@frettabladid.is



**VARÐSKIPIÐ ÞÓR** Nýja skipið mun verða afhent hér á landi 23. september næstkomandi. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Smíði hófst árið 2007:

## Styttist í að Þór verði tilbúinn

**ÖRYGGISMÁL** Sjó- og togprófanir á Þór, nýju varðskipi Landhelgisgæslunnar, standa yfir þessa dagana. Þegar þeim lýkur taka við hallaprófanir sem eru síðasti verkþáttur í smíðaáætlun skipsins. Áætlað er að afhenda skipið 23. september næstkomandi. Þetta kemur fram á vef Landhelgisgæslunnar.

Áhöfn skipsins hefur að undanförnu verið við þjálfun en gert er ráð fyrir að átján manns verði um borð. Gert er ráð fyrir að skipið verði í rekstri innan efnahagslögsögunnar og talið er að það verði bylting í eftirlits- og björgunargetu Landhelgisgæslunnar.

Smíðin fer fram hjá ASMAR skipasmíðastöð sjóhersins í Talcahuano í Síle og hófst 16. október árið 2007. - sv

**HAGTÖLUR**

### Byggingarvísitala lækkar

Vísitala byggingarkostnaðar um miðjan ágúst er 110,5 stig, sem er lækkun um 0,2 prósent frá fyrra mánuði. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Vísitalan gildir í september einnig.



**BÚRFELLSSTÖÐ** 34 ungmenni gróðursettu 64.800 plöntur á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sumarstarf Landsvirkjunar:

## Gróðursettu 160 þúsund tré

**UMHVERFISMÁL** Landsvirkjun réð í sumar 197 ungmenni á aldrinum 16 til 20 ára sem gróðursettu yfir 160 þúsund trjáplöntur víða um land.

Ungmennin störfuðu við verkefnið „Margar hendur vinna létt verk“ sem gefur félagasamtökum, sveitarfélögum og stofnunum kostur á að óska eftir vinnuafli við verkefni sem skila sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Hópurinn fær einnig fræðslu og situr námskeið svo sem skyndihjálpar- og hópeflisnámskeið. - shá

Minna verðmæti en í fyrra:

## Verðmæti afla er minna í ár

**SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa var rúmum milljarði króna minna en á sama tíma í fyrra. Jafngildir það 1,8% samdrætti. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.**

**Verðmæti aflans nam 56,5 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins, en var 57,6 milljarðar á sama tíma í fyrra. Verðmæti fyrir botnfisk dróst saman um 10,2% á milli ára; úr 43,5 milljörðum á umræddu tímabili árið 2010 í 39,1 milljarð árið 2011, eða um 10,2%. Verðmæti þorsks dróst saman um 2,4 prósent, ýsu um 25,8% og karfa um 11,4%. Verðmæti uxaaflans jókst hins vegar um 11,4% á milli ára.** - kóp


BM·VALLÁ

bmvalla.is




BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

# Í fararbroddi
íslenskra steypuframleiðenda

**Íslensk hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!**

Steypan frá BM Vallá er sérhönnuð til að þola íslenskt verðurfar og hver einasta hræra lýtur ítrustu gæðastöðlum. Í allri blöndun og ráðgjöf um meðhöndlun er höfuðáhersla lögð á að tryggja langan líftíma mannvirkis, lágmarka viðhaldsþörf og auðvelda niðurlögn steypunnar. **Steyptu til framtíðar með BM Vallá!**

Árið 2010 fékk BM Vallá gæðavottun ISO 9001. BM Vallá hefur um langt árabil verið í fararbroddi íslenskra iðnfyrirtækja og gegnt forystuhlutverki í framleiðslu fyrir íslenskan byggingavörumarkað.

# SUMARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**



**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Fyrrverandi slökkviliðsstjóri kærður til lögreglu fyrir meinta misnotkun á eldsneytiskorti:

# Krefur Brunavarnir um nær tvær milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Brottrekinn slökkviliðsstjóri Austur-Húnavatnssýslu hefur krafið brunavarnir svæðisins um rúmlega 1,7 milljónir króna vegna launa sem hann telur sig eiga inni hjá sveitarfélaginu. Stjórn brunavarna telur hann ekki hafa staðið við samkomulag sem gert hafi verið og kærði hann því til lögreglunnar á Blönduósi vegna gruns um hann hafi notað eldsneytisskort slökkviliðsins í eigin þágu.

Þetta segir Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, formaður stjórnar Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu.

Stjórn Brunavarna gerði starfslokasamning við slökkviliðsstjórann vegna hins meinta misferlis í maí síðastliðnum. Þá hafði hann verið rúmt ár í starfi. Mánuðina fyrir uppsögnina hafði hann ferðast milli lögbýla í Svartárdal og Vatnsdal til að taka út eldvarnir á bæjunum. Eftir að stjórnin hafði rift starfssamningi við hann neitaði hann að láta af hendi vinnugögn um eldvarnareftirlitið sem áttu að vera í hans höndum, að sögn Jóns.

„Hann vísaði á lögfræðing sinn varðandi upplýsingar á þessu atriði,“ útskýrir Jón. „Við fengum svör þess efnis að slökkviliðsstjórinn fyrrverandi væri ekki með nein slík gögn undir höndum. Hins vegar væri hann tilbúinn að vinna skýrslurnar og afhenda okkur þær ef við gerðum upp við hann þær kröfur sem hann hefur sett fram um vangoldin laun upp á nær tvær milljónir. Við munum ekki ganga að þessu, þar sem við teljum að hann eigi engin laun inni.“

Jón bætir við að ástæða þess að stjórnin kærði manninn til lögreglu sé sú að gert hafi verið við hann samkomulag, sem undirritað hafi verið af báðum málsaðilum.



**BLÖNDUÓS** Slökkviliðsstjórinn fer fram á 1,7 milljónir í skaðabætur.

Þar hafi slökkviliðsstjórinn fyrrverandi skrifað undir að hann myndi víkja frá og játa brot sín. Hann hafi síðan neitað sök. **- jss**



**EITT MINNISMERKI TIL** Minnismerki um Martin Luther King hefur verið sett upp í Washington og bætist þar með í fjölbreytta flóru minnismerkja þar í borg. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrstu ákærur vegna flugslyss:

## Herinn ákærir tvo í Póllandi

**PÓLLAND, AP** Pólski herinn hefur ákært tvo yfirmenn í hernum fyrir vanrækslu, sem þeir eru sagðir hafa gerst sekir um þegar þeir skipulögðu flug árið 2010 til Rússlands með forsætisráðherra landsins og tugi annarra helstu ráðamanna ríkis og hers.

Flugvélin fórst skömmu fyrir lendingu í Rússlandi. Niðurstöður rannsóknar, sem birtar voru í síðasta mánuði, voru þær að slysið hefði átt sér margvíslegar orsakir, meðal annars að flugmennirnir hefðu ekki haft nægja þjálfun og áhöfn vélarinnar hefði ekki starfað nógu vel saman.

Hinir ákærðu báru meðal annars ábyrgð á ráðningu og undirbúningi áhafnar vélarinnar. Þeir eiga yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsi. **- gb**

Úthafskarfastofninn er um 900 þúsund tonn:

## Helmingi minni stofn nú en 2001

**SJÁVARÚTVEGUR** Stofn karfa í úthafinu mældist rúmlega 900 þúsund tonn í alþjóðlegum karfaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa sem er nýlokið.

Í leiðangrinum voru metnar stofnstærðir tveggja stofna karfa, efri og neðri stofn úthafskarfa. Ljóst er að þeir eru helmingi minni en þegar þeir mældust stærstir árið 2001 þegar hann mældist 1,8 milljónir tonna.

Efri stofn úthafskarfa, sem er að finna á grynnra en 500 metra dýpi, mældist rúm 120 þúsund tonn með bergmálsaðferð og er þetta svipað og árið 2009. Eru þetta lægstu mælingar frá upphafi, en árið 1994 mældist stofninn rúmar tvær milljónir tonna.

Með trollaðferð voru mæld 309 þúsund tonn en þessi aðferð gaf 278 þúsund tonn árið 2009 og 565 þúsund tonn árið 2001.

Neðri stofn úthafskarfa, sem er að finna á meira en 500 metra dýpi, er áætlaður um 875 þúsund tonn sem er svipað og mældist árið 2009.

Mælingarnar í ár og árið 2009 eru þær lægstu síðan 1999 þegar mælingar hófust og hafa farið úr rúmri einni milljón tonna árið 2001.

Íslendingar hafa tekið þátt í mælingunum frá árinu 1994. Aðstæður til mælinga voru góðar, veður yfirleitt gott og engar hindranir voru vegna íss. **- shá**


Húsasmiðjan hf.
til sölu

HÚSASMIÐJAN

Framtakssjóður Íslands slhf. (FSÍ), sem er eigandi alls hlutafjár í Húsasmiðjunni, hyggst selja eignarhlut sinn í fyrirtækinu og hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast söluna.

FSÍ auglýsir hér með eftir fjárfestum sem hafa áhuga á að kaupa hlut í Húsasmiðjunni eða einstökum rekstrareiningum fyrirtækisins. Ætlun FSÍ er að selja allan eignarhlut sinn en þó kemur til álita að FSÍ haldi eftir hlut í félaginu og stofni til samstarfs við nýja hluthafa.

Verkefnið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat. Fjárfestar sem uppfylla skilyrði fá afhent kynningargögn um félagið á grundvelli trúnaðaryfirlýsingar. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang, m.a. í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að aðili eignist ráðandi hlut í félaginu, til dæmis vegna samkeppnisreglna.

Óskað er eftir óskuldbindandi tilboðum fyrir klukkan 12:00 fimmtudaginn 29. september og skal þeim skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans. Frekari upplýsingar veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans í síma 410 7340 og um netfangið husasmidjan@landsbankinn.is.

Húsasmiðjan

*Húsasmiðjan var stofnuð árið 1956 og er eitt af stærstu þjónustu- og verslunarfyrirtækjum á Íslandi. Húsasmiðjan er leiðandi fyrirtæki í sölu á byggingavörum og starfrækir 16 verslanir undir eigin nafni um allt land. Að auki rekur fyrirtækið 9 verslanir undir merkjum Blómavals, Ískrafts og heildverslunar HGG.*

Landsbankinn

FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS




**HILMAR ODDSSON** Eignarhaldið virðist standa í vegi fyrir lausn á vanda Kvikmyndaskóla Íslands, segir skólastjórinn, sem kveður menntamálaráðuneytið hafa hafnað tillögu um breytt eignarhald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skólastjórinn er svartsýnn

**Fjárhagsmál Kvikmyndaháskóla Íslands eru óleyst. Menntamálaráðuneytið hafnaði tillögu um breytt eignarhald. Nemendur vilja á atvinnuleysisbætur.**

**MENNTAMÁL** „Ég er rosalega svartsýnn,“ segir Hilmar Oddsson, skólastjóri Kvikmyndaskóla Íslands, eftir fund um fjárhagsvanda skólans í menntamálaráðuneytinu síðdegis í gær. Skólinn var ekki settur í gær.

Hilmar segir að fulltrúar skólans hafi í gærmorgun sett fram óformlega tillögu um breytt eignarhald á skólanum. „Það er augljóst að það er styrr um rekstrar- og eignarðaðila að skólanum. Við vorum að reyna að finna leið framhjá þeim ef það eru þeir sem eru að trufla málið. Því var hafnað,“ segir Hilmar.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Skólastjórinn segir málið ekki búið en sér sýnist að ekkert sé hægt að gera fyrir Kvikmyndaskólann. „Það er það sem okkur er sagt,“ segir Hilmar, sem kveður erfiða stöðu þá koma upp. „Það sem gerist er að 150 nemendur hrökklast frá námi og það þarf að finna þeim einhvern stað. Það er ekki eins auðvelt og einhverjir kannski ætla.“

Hilmar segir ábyrgðina á stöðu nemendanna að hluta liggja hjá aðstandendum skólans. „En við höldum því fram að við berum ábyrgðina ekki ein – það gera báðir aðilarnir,“ segir hann.

Svandís Svavarsdóttir, starfandi menntamálaráðherra, sat fundinn í gær ásamt fleiri starfsmönnum ráðuneytisins. Þar voru einnig fulltrúar skólans og kennara hans og nemenda. Svandís segir það hafa verið fyrsta fundinn með öllum aðilum málsins.

„Uppleggið á fundinum var að stjórnendur skólans gerðu ráðuneytinu grein fyrir því hvernig þeir ætluðu að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart nemendum sem lofað hefði verið ákveðinni menntun. Þeirri spurningu hefur enn ekki fyllilega verið svarað,“ segir ráðherrann.

Spurð um ábyrgð segir Svandís ljóst að skólinn hafi kosið að vaxa án þess að fjármagn væri til fyrir þeim rekstri. Slík framkoma gagnvart nemendum væri umhugsunarefni. „Það má líka velta fyrir sér hver sé staða nemenda sem gera samkomulag af þessu tagi við einkaaðila sem getur stækkað eða minnkað eins og honum sýnist en þegar vandinn kemur upp er gert ráð fyrir að hið opinbera komi og hjálpi til,“ segir Svandís, sem kveðst munu gera allt sem hún geti til að greiða úr málum nemendanna.

Nemendur Kvikmyndaskólans fylktu í gærmorgun liði á Vinnumálastofnuna og sóttu um atvinnuleysisbætur. Þeir segjast ekki skilja hvers vegna ekki hafi verið samið við skólann; öll gögn bendi til þess að hagkvæmast sé fyrir alla aðila að halda rekstri hans áfram.

gar@frettabladid.is
magnusl@frettabladid.is



MENIGA





**Meniga** heimilisbókhald

—

# **Arion banki** býður nú viðskiptavinum sínum ókeypis aðgang að **Meniga** heimilisbókhaldi.

„Að geta gert meira af
því sem mann langar til,
með því að sleppa því
sem skiptir minna máli.“

**Breki Karlsson,**
forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

Hvað **skiptir** þig máli?






Þú tengist Meniga í Netbanka **Arion banka**
arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 55747 08/11

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hlutverki Vesturlanda í Líbíu er ekki lokið.

# Óvissa í bland við sigurgleði

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sigur uppreisnarmanna í Líbíu á einræðisherranum Gaddafí og sveitum hans virðist nú nokkuð öruggur. Innreið uppreisnarherjanna í Trípólí hefur verið fagnað víða um heim. Sá fögnuður er þó blandaður óvissu um hvað tekur við í landinu.

Eins og málin standa nú í Líbíu leikur varla vafi á að það var rétt ákvörðun hjá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins (NATO) að beita lofthernaði gegn sveitum Gaddafís. Annars er nokkuð víst að einræðisherrann hefði barið uppreisnina í landinu niður af mikilli grimmd og með miklu meira mannfalli en orðið hefur til þessa. Loftárásir NATO gerðu að verkum að her Gaddafís gat ekki beitt sér sem skyldi og auðvelduðu þannig uppreisnarmönnum hernaðinn. Hlutverki NATO í Líbíu er hins vegar áreiðanlega ekki lokið.

Aðstæður í Líbíu eru að mörgu leyti svipaðar og í Írak og Afganistan, þar sem Vesturlönd hafa stuðlað að því að fella einræðisstjórnir úr sessi á undanförnum árum. Þjóðin skiptist í ótal ættbálka sem stundum hafa eldað grátt silfur saman. Á 42 ára valdatíð kom Gaddafí markvisst í veg fyrir að til yrðu í landinu stofnanir eða hreyfingar sem gætu tekið við því hlutverki að stjórna landinu. Þótt uppreisnarmenn hafi getað sameinazt um að koma einræðisherranum frá völdum og lýsi yfir vilja sínum til að koma á lýðræði og réttarríki í Líbíu er ekki víst að samstaðan haldi þegar hinn sameiginlegi óvinur er fallinn. Hættan á að upp úr sjóði með tilheyrandi innbyrðis átökum er vissulega fyrir hendi.

Vesturlönd þurfa að nýta lærdómana frá Afganistan og Írak til að aðstoða Líbíumenn við endurreisn landsins. Draga þarf Gaddafí og samstarfsmenn hans fyrir alþjóðlegan dómstól og láta þá svara fyrir þá glæpi sem framdir hafa verið í valdatíð hans. Hins vegar þarf að leitast við af fremsta megni að koma í veg fyrir hefndir og hjaðningavíg í landinu.

Líbíumenn munu þurfa aðstoð og ráðgjöf við að byggja upp lýðræðislegar stofnanir, sem þeir hafa enga reynslu af, svo og að reisa efnahagslíf landsins úr rústum. Þá þarf að leysa úr vanda hundraða þúsunda flóttamanna og hjálpa þeim að snúa aftur til heimkynna sinna.

Vesturlönd þurfa nú að ljúka verkinu sem þau byrjuðu á og koma Líbíu hratt og örugglega til aðstoðar. Evrópusambandið verður að líta upp úr eigin vandamálum og skipuleggja stuðning við landið. NATO mun áfram þurfa að leggja sitt af mörkum og ekki er hægt að útiloka að starfrækja þurfi friðargæzlusveitir í Líbíu næstu árin.

Með aðgerðunum gegn Gaddafí sendu Vesturlönd öðrum einræðisherrum í arabaheiminum þau skilaboð að þeir gætu ekki farið sínu fram gegn þegnum sínum. Þau verða líka að sýna lýðræðishreyfingunum í öðrum arabalöndum að þær geti vænzt stuðnings ef þeim tekst að hrekja harðstjórana af höndum sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



**Til sölu eða leigu bækistöð á Suðurlandi:**

**Staðsetning: Eyrarbakki í Árborg. Stærð: 1.705 m2 og skiptist í tvo stóra sali, skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og fl.**

Vinsamleg samvinna við sveitarfélagið til atvinnusköpunar. Stór athafnalóð (3.500 m2) fylgir sem veitir stækkunarmöguleika síðar.

**Hagstætt verð.**
Upplýsingar í símum: **661 6800 og 660 1060**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérkennilegt sölutrikk

Reglulega birtast nú fréttir af fyrirhuguðum áætlunum stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur um eignasölu. Meðal þeirra eigna sem þannig eru reglulega falboðnar er hið umdeilda hús Perlan. Talsmenn OR hafa nú komið nokkuð oft í fjölmiðla þar sem þeir lýsa því hve reksturinn er erfiður og nú síðast lýsti Eiríkur Hjálmarsson upplýsingafulltrúi því yfir að tekjur byggingarinnar dygðu ekki fyrir fasteignagjöldum. Þetta hlýtur að teljast furðulegasta sölutrikk í bókinni; að tala eignina reglulega niður rétt fyrir sölu.



### Ímynd frekar en ásetningur?

Á Vísi í gær sagði Eiríkur að nánari upplýsingar um tekjur og gjöld af Perlunni lægju ekki fyrir. Það hlýtur að teljast einkennilegt, ef spara á slíkar fjárhæðir með sölu eignarinnar. Er nema von að sá grunur læðist að manni að þetta sé hluti af ímyndarherferð Orkuveitunnar? Nýir stjórnendur að sópa út úr gamla spillingarbælinu. Í það minnsta fer fáum sögum af raunverulegum áhuga á kaupum á Perlunni.



### Skattvik Hannesar

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor skrifaði grein í Fréttablaðið árið 2006. Þar fullyrðir hann að ekkert sé að því að víkja sér undan skatti, stunda svokölluð skattvik, og harmar að fyrirtækjaskattar á Íslandi séu ekki þeir sömu og á Guernsey. Eðlilegt sé að félög skráð þar greiði skatta þar, en þar voru aðallega fjármálafyrirtæki útrásarvíkinga skráð. Þá telur prófessorinn mikilvægt að „tryggja trúnað fjármálafyrirtækja við viðskiptavini sína". Ætli sérstakur saksóknari sé sammála því?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Evran og hin sterka góða íslenska króna

Fjármál



Hreggviður Jónsson
fv. þingmaður Sjálfstæðisflokks

Það er þreytandi að hlusta sífellt á, hvernig íslenska krónan sé rosa góð fyrir okkur á Íslandi. „Krónan okkar hefur nefnilega bjargað okkur út úr efnahagsvandanum", segja þeir sem halda þessu fram. Hverjum hefur hún bjargað? Jú, LÍÚ, Bændasamtökunum, þeim sem eiga fjármuni í skattaskjólum og öðrum útflytjendum. Þetta er auðvitað á kostnað almennings. Við viljum sko ekki evru = €, því hún er svo slæm. Sjáðu Íra eða Grikki.

Nú er spurningin hvaða tölur eru notaðar til að færa rök fyrir þessu. Niðurstaða: Aungvar tölur liggja á bak við þessi rök.

Nú ætla ég að tíunda örfáar tölur, sem innlegg í þessa umræðu. Staðan hjá launamanninum JJ, 18-08-2008 og þremur árum síðar, 18-08-2011: Skoðum nú laun hans, bílaeign og húsnæðislán. Hann hafði kr. 250 þúsund í laun og hefur enn, bílinn kostaði kr. 2.780.000, en nýr kostar nú kr. 6.000.000 og húsnæðislánið var kr. 3.462.296, er nú kr. 5.347.270, með afborgunum.

> Niðurstaðan er alveg ljós, hagsmunum almennings er aðeins borgið með evru eða US$.

Lítum nú á þetta með hliðsjón af því, að ef hér hefði verið evra, en ekki króna. Launin voru € 2.083, eru nú € 1.523, sem sagt launalækkun um 36,75%. Bíllinn kostaði € 23.145 = 11 mánaðarl., nýr bíll eins búinn kostar nú € 36.560 = 24 mánaðarl. Húsnæðislánið var € 28.659 = 13,8 mánaðarl., er nú € 32.586 = 21 mánaðarlaun. Það er athyglivert, að ef lánið hefði verið í € til 40 ára með jafngreiðslum, myndi það lækka í € 26.510 = 12,7 mánaðarl. á evrusvæðinu.

Hjá Grikkjum og Írum er kaupið áfram í €, lánin áfram í € og bílinn áfram í €. Sem sagt hvergi meiri kaupmáttarrýrnun, en hjá okkur Íslendingum. Hvað varðar hlutfallið milli € og US$, er það nánast það sama nú og 2008, eða 1,4x allan tímann. Og það þrátt fyrir spá nær daglega um að € sé alveg búin. Niðurstaðan er alveg ljós, hagsmunum almennings er aðeins borgið með evru eða US$.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Erum við hvalveiðiþjóð?

Hvalveiðar

Sigursteinn Másson
fulltrúi IFAW á Íslandi



Til að hægt sé að svara því hvort við séum hvalveiðiþjóð þurfum við fyrst að skilgreina hugtakið hvalveiðiþjóð. Við lítum hiklaust á okkur sem fiskveiðiþjóð og vart nokkur ágreiningur um það. Hlutfallslega er ekkert þjóðríki eins háð hafinu með afkomu sína og hefur það að sjálfsögðu mótað afstöðu Íslendinga til hafsins og nýtingu þess. Litið er á nýtingarréttinn á auðlindum sjávar sem nánast heilagan rétt þjóðarinnar. Tungutak þjóðarinnar og hugtakanotkun hefur endurspeglað þetta.

Þegar hvalveiðar hófust við Ísland um 1600, eftir að Baskar höfðu uppgötvað Íslandsmið á leið sinni norður að Svalbarða, og í þrjú hundruð ár þaðan í frá, til 1900 stunduðu Íslendingar engar hvalveiðar í atvinnuskyni. Danir komu á eftir Böskum ásamt Hollendingum. Svo komu Frakkar og síðar settu Norðmenn upp stórar hvalstöðvar á Vestfjörðum. Þetta voru því erlendar stórþjóðir sem stunduðu hér stórfelldar hvalveiðar en Íslendingar máttu heppnir heita ef þeir fengu íhlaupavinnu á planinu. Undantekningin frá þessu voru tilraunir nokkurra vestfirskra bænda að hefja veiðar á hrefnu og andarnefjum en þær tilraunir voru endasleppar.

Strax 1866 var farið að gæta mikillar óánægju meðal landsmanna með hvalveiðar útlendinga hér. Þá og áratugina á eftir voru haldnir fjölmargir borgarafundir allt frá Siglufirði til Eskifjarðar þar sem krafist var takmarkana á veiðarnar og jafnvel hvalveiðibanns. Athygli vekur að bæjarstjórn Ísafjarðar lét ekki sitt eftir liggja en lýsti formlega yfir áhyggjum sínum vegna ofveiði á hvölum við landið. Meginathyggjurnar snérust um mengun og ólykt sem stafaði frá hvalstöðvunum, arðrán og slæm áhrif veiðanna á fiskgengd. Í kringum aldamótin 1900 voru höfuðstöðvar hvalveiðifyrirtækja sem hér gerðu út í borgum eins og Ósló, Hamborg, Leith og New York en engar í Reykjavík.

1913 ákváðu íslensk stjórnvöld einhliða að setja á algert hvalveiðibann við Ísland þrátt fyrir mikinn þrýsting og mótmæli frá Norðmönnum sem studd voru af Dönum. Nær víst má telja að ákvörðunin hafi verið liður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og að með henni hafi heimastjórnin viljað sýna hvað í henni bjó. Í fimmtán ár, allt til 1928, stóðu íslensk stjórnvöld gegn þrýstingi erlendra ríkja um að hefja hvalveiðar að nýju. Það ár snéru fjögur verksmiðjuskip Norðmanna að nýju á Íslandsmið en rétt eins og Frakkar nokkrum árum áður gripu Norðmenn í tómt í leit sinni að Íslandssléttbaki. Til að byrja með höfðu veiðarnar beinst að þessum hægfara hval sem auðvelt var að skutla en þegar hér var komið sögu var hann horfinn af Íslandsmiðum og hefur nær ekkert sést síðan. Hvalveiðar lágu að mestu niðri á stríðsárunum en það var ekki fyrr en 1948 með stofnun Hvals hf. að atvinnuveiðar undir stjórn Íslendinga hófust. Þær stóðu í 41 ár þar til alþjóðlegt hvalveiðibann tók gildi við Ísland. Þá höfðu þjóðir heims komist að þeirri niðurstöðu að hætta skyldi alfarið veiðum og milliríkjaviðskiptum með hvalaafurðir í hagnaðarskyni. Ákvörðunin sem tekin var af Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem Íslendingar voru meðal stofnaðila að, var útgerðarmönnum og stjórnvöldum hér á landi ekki að skapi og þegar Íslendingar gengu að nýju í Alþjóðahvalveiðiráðið var það gert með fyrirvara um réttinn til hvalveiða í atvinnuskyni.

Í fjögur hundruð ára sögu hvalveiða við landið spannar samanlagður tími iðnaðarveiða Íslendinga aðeins tæplega fimmtíu ár. Aðrar þjóðir gerðu hér út á hval í nærfellt 350 ár. Á síðustu öld náðu gegndarlausar hvalveiðar hámarki og leiddu til víðtækra friðunaraðgerða sem langflestar þjóðir heims styðja. Íslendingar voru sennilega fyrstir þjóða til að ákveða hvalveiðibann og setja þannig markvert og framsýnt fordæmi. Erum við hvalveiðiþjóð? Varla miðað við söguna eða þá staðreynd að aðeins örfá árstörf eru í þessari deyjandi atvinnugrein.

> Á síðustu öld náðu gegndarlausar hvalveiðar hámarki og leiddu til víðtækra friðunaraðgerða sem langflestar þjóðir heims styðja.

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
á miklu betra verði !










Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# Aðgerðir til bjargar gjaldþrota fjármálafyrirtækjum

Fjármál

Hákon Hrafn Sigurðsson
dósent við Háskóla Íslands



Eftirfarandi símtal fór líklega fram skömmu eftir að hin glæsilega norræna bankavelferðarstjórn tók við völdum.

SFF: Sæll, er ekki öruggt að við fáum íbúðalánin til okkar og lán til lítilla fyrirtækja? Við lánuðum eigendum okkar, tengdum aðilum og stórfyrirtækjum gríðarlegar upphæðir og yfirleitt án veða og þetta verðum við auðvitað að afskrifa og afhenda sömu aðilum aftur, skuldlaust. Ef við fáum ekki íbúðalánin þá höfum við engin lán til innheimta.

X: Jú, en þarf ekki að afskrifa eitthvað af þeim líka?

SFF: Nei, nei, vinur minn. Þið segið bara að það kosti skattborgarana svo mikið, þá þegja allir. Ef það verða einhver meiriháttar mótmæli þá getum við sett upp eitthvert leikrit til bjargar heimilunum en fáum lífeyrissjóðina aftur með okkur í dæmið. Við plötuðum þá alveg ægilega í gjaldmiðlaskiptasamningunum. Þeir mega ekki afskrifa neitt og við segjumst bara vilja afskrifa fullt ef lífeyrissjóðirnir gera það líka og helst Íbúðalánasjóður og Lánasjóður námsmanna líka.

X: Ha, Íbúðalánasjóður og LÍN líka? En það kostar okkur peninga.

SFF: Hættu þessu væli, skilur þú ekki hvað ég er að segja. Enginn okkar þarf að afskrifa neitt nema það sem verður fullreynt að innheimta og viðkomandi er orðinn gjaldþrota. Allt hitt verður auðvitað innheimt í botn og rúmlega það. Þið sjáið síðan um að halda stýrivöxtum háum þannig að við fáum nóg af rjóma með. Það fattar enginn að stýrivextir eru miklu lægri allt í kringum okkur.

X: Þannig að við þurfum ekkert að borga?

SFF: Akkúrat, þetta kostar ykkur ekkert. Það eina sem þið þurfið að gera er að skera duglega niður heilbrigðisþjónustu, löggæslu og menntastofnanir. Ef þú getur látið reka nokkra lækna og kennara þá erum við tilbúnir að láta reka fáeina láglauna þjónustufulltrúa til að sýna lit. Við gætum þá jafnvel hækkað launin okkar í leiðinni til að viðhalda ofurlaununum.

X: En hvað eiga allir þessir starfsmenn í bönkunum að starfa við?

SFF: Við látum þá bara leika sér með nokkur gjaldþrota fyrirtæki og stunda harða samkeppni við þau fyrirtæki sem ekki fóru á hausinn í hruninu, athugum hvað þau þrauka lengi áður en þau lenda hjá okkur líka. Aðalatriðið er að partíið geti haldið áfram hjá okkur.

X: Öh, en erlendu ólöglegu lánin sem þið veittuð fólki og tókuð svo stöðu gegn krónunni?

SFF: Ef svo ólíklega vill til að dómarar landsins geti dæmt rétt þá ætla Ingvi Örn og Árni Páll að sjá um það fyrir okkur með því að breyta vaxtalögunum afturvirkt. Við látum Gylfa bara í frontinn fyrst en hendum honum svo aftur í kennsluna. Álfheiður tekur svo frumvarpið og keyrir það út úr efnahags- og skattanefnd, hún vill ekki að kallinn sinn missi vinnuna hjá Lýsingu. Við tökum bara dæmi um lán sem er ekki til og látum það lækka mikið. Það samþykkja það allir og svo hækkum við bara vextina og búmm, málið er dautt.

X: Já en…

SFF: Flott, ég vissi alltaf að þú værir okkar maður þó að þú óskraðir þig stundum rauðan í þinginu gegn okkur hérna í denn. Það var flott hjá þér og nú fattar enginn neitt. Haltu svo Lilju fyrir utan þetta. Bæ.

KPMG
cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDÖGUM

Skattfrádráttur vegna nýsköpunar – leynist nýsköpun í þínu félagi?

25. ágúst | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Fjallað verður um reglur er varða skattaívilnanir vegna nýsköpunar og framsetningu á þeim í skattframtölum.

Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is



INTERSPORT



Tilboðin gilda til og með 4.sept. aðeins í Intersport Bíldshöfða!

EXPRESS HAGLASKOT
fyrir gæs.
42/1, 42/3.
[fullt verð 2.490]
1.990



CBC SKOTBELTI
Camo, 25 skot.
[fullt verð 3.490]
2.490

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



[fullt verð 42.990]
37.990
MOSSBERG MAVERICK
M88 12GA 28DR.

INTERSPORT
BÍLDSHÖFÐA - OPIÐ ALLA DAGA!

# Höfuðstóll verðbætist frá stofndegi

Verðtryggð lán

Hjalti Þórisson
framhaldsskólakennari



Tilefni þessarar greinar er erindi Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Umboðsmanns Alþingis og röksemdafærslu þeirra um útreikninga verðtryggðra lána.

Enginn vafi er á því að verðbindingar fjárskuldbindinga eru heimilar – en verða að lúta leyfðum viðmiðunum – um það hefur gengið dómur (myntkörfulánadómurinn). Hvernig þær eru útfærðar er framkvæmdaatriði og þó tæplega nema einn kostur í stöðunni – sá sem skilar tilætluðum ávinningi með þeim og ennfremur er lógískt réttur og réttmætur – sá sem ástundaður hefur verið og einmitt má lesa úr lögunum.

Verðtrygging er í eðli sínu verðbinding nafnverðs höfuðstóls – heildarupphæðar fjárskuldbindingar – frá stofndegi út allan lánstímann. Þegar talað er um verðtryggð lán er ekki átt við lán þar sem allar áfallnar verðbætur hvers gjalddaga (á milli gjalddaga) á heildarlánið (höfuðstólinn = afborgun + eftirstöðvar) eru krafðar, heldur þvert á móti einungis af gjaldfallinni „greiðslu“ – afborgun og vöxtum.

Lán sem taka alla „verðbætingu“ lánsins á hverjum gjalddaga hafa verið praktíseruð hér undir nafngiftum eins og „hávaxtalán“ (verðbæting tekin inn í vexti – verðbótaþáttur vaxta) eða bara „óverðtryggð lán“ – sem er auðvitað rangnefni en gætu kallast vaxtaaukalán eins og slík lán kölluðust í upphafi þegar þau voru fyrst kynnt til sögunnar – illu heilli – um 1975.

Gjalddagagreiðsla af óverðtryggðu láni er óumdeilt samsett af afborgun og áföllnum vöxtum. Þegar löggjafinn tekur svo til orða, að verðbætur skuli reiknast á hverja greiðslu á verðbættu láni, meinar hann þetta – afborgun og vexti. Löggjafinn er hér að skilgreina hvað megi krefja til endurgjalds á hverjum greiðsludegi – gjalddaga. Hann tekur ekki fram (ATH) að jafnframt skuli þá gjaldfella og setja í innheimtu verðbætur á eftirstöðvar nafnverðs höfuðstóls. Hann ætlast sem sagt ekki til þess að verðbætur á eftirstöðvar séu greiddar jafnharðan (það sem talsmönnum HH hefur þóknast að kalla staðgreiðslu – orðalag sem hefur allt aðra merkingu). Í þessu felst, sem ætti raunar ekki að þurfa að fjölyrða svona um, að ekki eru innheimtar verðbætur á ógjaldfallnar eftirstöðvar (það sem HH kalla höfuðstól – og undanskilja þá afborgunina) frekar en eftirstöðvarnar sjálfar, sem verðbæturnar eru bundnar við. Löggjafinn er með þessu að skilgreina hvaða lögkröfu megi gera á hverjum gjalddaga og þar með að verja rétt og hagsmuni skuldarans – að hann verði ekki krafinn um hraðari endurgreiðslu. Það eru endurkröfurnar – sá löggerningur – sem skipta máli að löggjafinn kveði á um en ekki bókhaldsleg atriði eins og uppfærsla höfuðstólsins eru í bókhaldi, það er gert í reglugerð sem í þessu tilviki eru reglur Seðlabankans sem hafa reglugerðargildi. Ekkert í lögunum bannar það.

> Deilan snýst um forsendur, þar á meðal einfaldlega hvernig menn umgangast hlutfalls- og prósentureikning og almenna bankareglu.

Þannig ber að skilja lagatextann.

Ekki ætti svo að þurfa að taka fram að á lánstímanum gjaldfalla hins vegar verðbæturnar á eftirstöðvarnar (ókrafinn höfuðstól) smám saman á hverjum gjalddaga og það myndu þær einnig gera, en þá allar í einu, ef lánið af einhverjum ástæðum lenti í vanefndum – og væri þá allur afgangs höfuðstóll (eftirstöðvarnar) – ásamt áföllnum vöxtum – orðinn að „greiðslu“ sem þyrfti að gera upp. Hið eina sem séð verður að leitt gæti af lögfræðiáliti HH, ef hald væri í því, er, að bannað yrði að bókfæra áfallnar en ógjaldfallnar verðbætur, þ.e.a.s. verðbætur á eftirstöðvar höfuðstóls; sem sagt halda úti falskri mynd af raunverulegri skuldastöðu (ath. hvort sem um út- eða innlán er að ræða). Það væri bókhaldsblekking og sjálfsblekking. Ef sá skilningur yrði hins vegar ofan á, að krefja eigi áfallnar verðbætur milli gjalddaga af allri skuldinni, sem HH virðist sækjast eftir, yrði fjárhagslegur ávinningur skuldara minni en enginn – en skaðsemin gífurleg og verðtryggingakerfið lagt í rúst með þeim þekktu afleiðingum sem eldri kynslóð ætti að þekkja og hafa lært af. Lítið gagn er af reynslu kynslóðanna ef skellt er skollaeyrum við henni jafnharðan. HH virðast ekki gera sér grein fyrir afleiðingunum og eru þarna að vinna gegn hagsmunum heimilanna.

Þessa uppfærslu eftirstöðvanna – verðlagsleiðréttingu þeirra við gjalddaga eða vísitöluútreikning –, sem NB stundum er til lækkunar, segja talsmenn HH kalla fram „margfeldisáhrif“, sem valdi því að lánardrottnar fái í sinn hlut „margfaldar verðbætur“. Þessi skilningur þeirra fellur undir það sem Vilhjálmur Bjarnason kallaði meinloku í Kastljósviðtali 17. ágúst. Hér vinnst ekki pláss til að fjalla um þessa „meinloku“ en hugsanlega er hún í því fólgin að talsmenn HH ímyndi sér að verðbætur séu reiknaðar ofan á verðbætur – tvíreiknaðar – sem ekki er, eða þá, sem einnig hefur sést, að eitthvað mætti skoða nánar hvað átt er við með orðunum „árleg verðbólga“ og hvernig slíkt reiknast ár frá ári, – í ljósi þess að formaður HH hefur ítrekað borið sig undan „vaxtavöxtum“ í þessu sambandi. Jafnvel lítur út fyrir að talsmennirnir geri ekki greinarmun á því hvort verðbætur eru reiknaðar frá upphafi láns eða einungis á milli síðustu gjalddaga því þeir virðast álíta að við þessar tilfæringar gufi verðbæturnar upp að stærstum hluta!!

Um útreikninga og reiknilíkön bæði HH og annarra, sem gefa aðrar niðurstöður en reiknilíkön bankanna, verður að nægja hér að segja, að allt slíkt verður að byggjast á sömu forsendum ef bera á niðurstöður útreikninganna saman. Sérstaklega á þetta við lánstíma (líftíma láns) og þá er að minna á að bæði vextir og verðbætur eru fall af tíma. Þannig er beint samband milli lengri lánstíma og hærri upphæða.

Sú röksemd þeirra, sem hafna reikningum HH, að núvirðisreikningar verði að gefa sömu niðurstöðu, nægir hins vegar ekki, því að núvirðisreikningarnir myndu byggjast á áðurgerðum framvirðisreikningum sem ekki byggja á sömu forsendum. Deilan snýst um forsendur, þar á meðal einfaldlega hvernig menn umgangast hlutfalls- og prósentureikning og almenna bankareglu.

Að lokum: Um þá kröfu HH, að skuldarar verði framvegis ekki einir alfarið ábyrgir um verðbætingu á lánsfé því sem þeir hafa fengið í hendur, og að því sem kallað er „áhætta“, sem þeirri ábyrgð er samfara, verði að stórum hluta af þeim létt og komið yfir á þá sem lögðu fram fjármunina og veittu þeim lánið; – sem sagt, að þeir aðilar skuli sætta sig við að fá ekki raunvirði til baka –, þarf sérstaka umfjöllun sem ekki rúmast hér – en þar takast á sanngirnissjónarmið sem æskilegt er að ná sátt um.

# Rangfærslur um mannréttindi leiðréttar

Trúmál

Bjarni Jónsson
fulltrúi í Mannréttindaráði Reykjavíkur



Borgarfulltrúinn Júlíus Vífill Ingvarsson hefur verið ötull við að gagnrýna samþykkt Mannréttindaráðs Reykjavíkur (MRR) um „Skólastarf í Reykjavík og trúar- og lífsskoðunarfélög“ sem bíður afgreiðslu borgarráðs. Í umræðu í vetur komu fram ýmsar fullyrðingar sem eru rangar um innihald tillagnanna og markmið þeirra. Rangfærslurnar hafa síðan verið endurteknar þrátt fyrir tilraunir til að leiðrétta þær. Mig langar að gera enn eina tilraun til að leiðrétta nokkrar þeirra.

Í grein Júlíusar hinn 20. ágúst í Fbl. vitnar hann í álit borgarlögmanns um starfssvið ráðsins: „Hins vegar verði ekki talið að innan þess eftirlitshlutverks falli almennt að mannréttindaráð setji einstökum sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar bindandi reglur um framkvæmd einstakra verkefna eða gera tillögur til borgarráðs þar um.“ Í 2. grein samþykkta ráðsins segir: „Mannréttindaráð skal móta stefnu, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess.“ Samþykkt MRR bíður nú afgreiðslu borgarráðs og vinnur það því samkvæmt samþykktum þess. Engum af þeim sem standa að samþykktinni hefur nokkru sinni dottið í hug annað verklag. Engin andstæða er í áliti lögmannsins og samþykktum MRR þar sem þeim er fylgt. Það er eitt af meginhlutverkum MRR og skrifstofunnar að gæta þess að mannréttindi séu virt í starfsemi borgarinnar. Það væri því beinlínis rangt ef MRR hefði ekki sett fram þær samskiptareglur sem nú er verið að innleiða. Grunnur að þeirri vinnu var lagður með vinnu og skýrslu um skóla og trúmál sem birt var 2008.

Eins og áður segir hefur umræðan um þetta mál oft á tíðum snúist um málefni sem ekki er getið í tillögunni. Ég ætla, að þegar fólk tekur fram lyklaborðið til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu, að það lesi það sem það hyggst gagnrýna. Því hefur verið haldið fram að verið sé að vega að rótum kristni, að verið sé að breyta námsskrá og kennslu um kristni. Því er einnig haldið fram að verið sé að leggja niður þjóðsönginn og jólin og banna umræðu um vináttu, umhyggju og náungakærleik, að verið sé að útrýma kristinni menningu og ráðast á þjóðkirkjuna og steypa andlegri örbirgð yfir börn í Reykjavík! Meira að segja hefur því verið haldið fram að ekki megi ræða um útfarir í skólum vegna samþykktarinnar!

> Ég ætla, að þegar fólk tekur fram lyklaborðið til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu, að það lesi það sem það hyggst gagnrýna.

Ekkert af ofangreindum fullyrðingum er að finna í samþykkt MRR. Í þeim er verið að setja ramma utan um samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarfélög. Í samþykktinni er kveðið á um að hlutverk skóla sé að fræða um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir. Einnig er þess getið að skólastjórnendur geti boðið fulltrúum lífsskoðana í heimsókn til kynningar samkvæmt námsskrá. Einnig er þar að finna ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir trúboð í skólum og á frístundaheimilum enda er það ekki hlutverk opinberra skóla að vera vettvangur slíks. Einn liður samþykktanna tekur á heimsóknum nemenda í helgistaði trúarhópa og skuli þær vera samkvæmt námsskrá og undir handleiðslu kennara. Í heimsóknum skal gætt að því að börnin séu ekki þátttakendur í helgisiðum eða athöfnum. Því er síðan beint til félaga við skipulagningu fermingarfræðslu og barnastarf skuli skólastarf ekki verða fyrir truflun. Einnig er þess getið að við áfall tengt skólum skuli aðstoðar leitað til fagaðila, s.s. sálfræðinga eða fulltrúa trúar- eða lífsskoðunarfélaga. Þetta er í stórum dráttum innihald samþykkta MRR.

Ég vil því spyrja þá sem lesa þessa grein: Er eitthvað í upptalningu innihalds samþykktarinnar sem réttlætir þá gagnrýni sem ég hef minnst á hér að ofan? Það þarf alla vega mjög skökk gleraugu til að geta lesið slíkt úr samþykkt MRR.

## AF NETINU

### Þrískipting ESB?

Sameiginleg mynt og peningamálastefna gengur ekki upp nema að samræmis sé gætt í fjármálastjórn ríkjanna. Það krefst stóraukins miðstjórnarvalds og að hlutverk þjóðþinganna verði veikt. Niðurstaðan á tveggja tíma fundi Merkel og Sarkozy var skref í þessa áttina. Engin niðurstaða varð hins vegar varðandi hugmyndina um útgáfu evrópuskuldabréfa sem þjóðirnar tækju ábyrgð á. Það stóra mál er ennþá óleyst, en mun ekki víkja af dagskrá evrulandanna.

Williams Rees Mogg, ritstjóri The Times til áratuga, skrifar í sitt gamla blað athyglisverðar vangaveltur um þessi mál. Hann veltir þar upp íhugunarverðum kosti. Rees-Mogg segir að ef ESB takist ekki að leysa vandræði sín sé ekki ólíklegt að ESB verði í reynd þrískipt. 1. Skandinavísku löndin, Bretland og Írland. 2. Hin sterku ríki Mið-Evrópu. 3. Hin veikari hagkerfi í ríkjunum við Miðjarðarhafið.

ekg.blog.is

**Einar K. Guðfinnsson**

### Dásemdarríki Halldórs og Davíðs

Menn sem gefa sig út fyrir að vera sérfræðingar í efnahagsmálum, eru jafnvel prófessorar við Háskóla Íslands, hafa jafnvel verið í stjórn Seðlabanka og sett hann kyrfilega á hausinn og átt stóran þátt í að setja efnahagslíf landsins í kalda kol og valda því að 20 þús. heimili eru gjaldþrota. Þessir menn mæra krónuna sem sérstakan bjargvætt og segja að helsta ástæða þess að Grikkland eigi í vandræðum sé ESB og evran.

gudmundur.eyjan.is

**Guðmundur Gunnarsson**

heilir
# Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusett fylgir

## SUMAR TILBOÐ!







til afgreiðslu af lager

Lausar hlífar framan á botni

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

Lausar hlífar framan á botni

KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

Vottun: CE ISO 9001

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**RIVER PHOENIX** leikari (1970-1993) fæddist þennan dag.

*„Í viðtölum reyni ég að ljúga eins og ég er langur til. Það er öfug sálfræði. Með lyginni finnst mér líklegra að fjölmiðlar snúi út úr og segi loks satt.“*

## MERKISATBURÐIR

1946 Gunnar Huseby verður Evrópumeistari í kúluvarpi í Ósló.

1954 Steinkista Páls biskups Jónssonar, sem lést 1211, finnst við uppgröft í Skálholti og er talin einn merkasti fornleifafundur á Íslandi.

1959 Stytta af Jóni biskupi Arasyni, eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, er afhjúpuð á Munkaþverá í Eyjafirði, þar sem Jón lærði til prests.

1966 Mesti afli í sögu íslenskra síldveiða, þegar 82 skip fengu 16.116 lestir.

1967 Íslendingar tapa fyrir Dönum í landsleik í knattspyrnu á Idrætsparken í Kaupmannahöfn, með fjórtán mörkum gegn tveimur. Mörkin skoruðu Helgi Númason og Hermann Gunnarsson.

**ÞETTA GERÐIST** 23. ÁGÚST 2006

## *Kampusch sleppur úr prísundinni*



Fimm ár eru liðin síðan austurríska stúlkan Natascha Kampusch slapp frá mannræningja sínum, Wolfgang Priklopil, eftir átta ára fangavist í fimm fermetra gluggalausum og hljóðeinangruðum klefa undir bílskúr hans.

Natascha var tíu ára þegar Priklopil nam hana á brott. Fyrstu mánuðina fékk hún ekki að yfirgefa klefann en með tímanum fékk hún að eyða dögunum í húsinu og seinna meir fara með Priklopil út í garð og í ferðir utanhúss.

Fyrir fimm árum var Natascha í garðinum að ryksuga bifreið Priklopils þegar farsími hans hringdi og hann gekk á brott til að flýja hávaðann í ryksugunni. Natascha hljóp á brott og bankaði á glugga 71 árs gamallar nágrannakonu sem kallaði tafarlaust á hjálp lögreglu.

Natascha þekktist á öri sem hún ber, vegabréfi og DNA-prófi. Priklopil fyrirfór sér þegar hann uppgötvaði að Nathascha var flúin. Tveimur árum síðar var Natascha komin með spjallþátt í austurríska sjónvarpinu. Hún skrifaði og bókina 3096 Tage (3.096 dagar), sem kom út í september í fyrra.



†

*Dóttir mín, systir okkar og mágkona*

**Áslaug Guðjónsdóttir, hdl.**

Garðastræti 45,

sem lést mánudaginn 15. ágúst, verður jarðsungin fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13 frá Dómkirkjunni.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Jóhann G. Guðjónsson** **Ingibjörg Einarsdóttir**
**Gunnar Guðjónsson**
**Stefán S. Guðjónsson** **Helga Ottósdóttir**
**Guðjón Hólm Guðjónsson**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Pálsdóttir**

Furulundi 11d, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 21. ágúst sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Páll Jónsson, Kolbrún Björk Ragnarsdóttir**
**Lovísa Jónsdóttir, Óskar Þór Halldórsson**
**Steingrímur Jónsson, Árún K. Sigurðardóttir**
**Jón Árni Jónsson, Sigríður Stefánsdóttir**
**Stefán Jónsson, Yean Fee Quay**
**Þóra Jónsdóttir, Björn Halldórsson**
**barna- og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Halldór Sigurður Guðmundsson**

plötu- og ketilsmiður,
Bakkastöðum 73, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans 12. ágúst, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 13.

**Bergljót Harðardóttir**
**Hulda Björk Halldórsdóttir** **Sigfús Jónas Guðnason**
**Guðmundur Halldórsson**
**Þröstur Reyr Halldórsson** **Steinunn Guðjónsdóttir**
**Hulda R. Einarsdóttir** **Jón Pálsson**
**Jón Guðmundsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**Helgi Guðmundsson** **Anna Magnúsdóttir**
**afabörn og langafabarn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS: STENDUR Á ÞRÍTUGU

# Viljum enn fleiri félagsmenn



**HERDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR** Segir áhyggjuefni hversu fáir skrái sig í nám í matvælafræði í seinni tíð. „Okkar fólk er ánægt í mjög svo fjölbreyttu, skemmtilegu og vel launuðu starfi. Við hvetjum því ungt fólk til að kynna sér nám í matvælafræði því við viljum fá fleiri félagsmenn í okkar raðir,“ segir Herdís. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Gullna reglan til betra lífs er heilbrigð skynsemi í mat og hreyfingu. Að borða meira úr nærumhverfinu og njóta þess sem við höfum heima á Íslandi; hreins vatns, fisks úr hreinum sjó, lambakjöts sem aldrei fékk tilbúið fóður og fersks grænmetis úr íslenskum görðum,“ segir Herdís Guðjónsdóttir, formaður Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands (MNÍ).

Á föstudag heldur MNÍ afmælisráðstefnu á Akureyri í samvinnu við Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri. Fjallað verður um háskólanám í matvæla- og næringarfræðum í fortíð, nútíð og framtíð.

„Matvælafræði var fyrst kennd við Háskóla Íslands 1977, þegar dr. Jón Óttar Ragnarsson stofnaði deild í matvælafræðum við skólann, og kennsla í næringarfræði hófst við sama skóla haustið 2008,“ segir Herdís og útskýrir muninn á þessum tveimur greinum. „Matvælafræði sver sig í ætt við efnaog iðnaðarverkfræði og snýst um vinnslu og geymslu matvæla, á meðan næringarfræði fæst við hvað verður um matinn þegar búið er að borða hann, næringargildi hans og fleira.“

Í MNÍ eru nú um 300 félagsmenn og enginn þeirra er atvinnulaus. Félagið stuðlar að þróun í matvælafyrirtækjum, aukinni menntun og eflingu vísindalegra rannsókna á sviði matvæla- og næringarfræða, umbótum í manneldismálum þjóðarinnar og leitast er við að hafa áhrif á löggjöf varðandi starfssvið félagsmanna.

„Við höldum úti fræðslu fyrir félagsmenn og almenning. Á opinberum vettvangi svara félagsmenn hæpnum og ósönnuðum fullyrðingum um fæðu og næringu, eins og á við þegar koma fram óábyrgar staðhæfingar um fæðubótarefni og annað sem ekki hefur á bak við sig vísindalegar sannanir,“ útskýrir Herdís um mörg hlutverk MNÍ.

„Helsta baráttumál okkar nú er að fá menntað fólk inn í fyrirtækin því hérlendis geta Pétur og Páll stofnað matvælafyrirtæki án kröfu um að menntaður matvælafræðingur sé þar um borð. Slíkt er mikil áhætta fyrir stóran markhóp, þegar viðkomandi hefur ekki hugmynd um geymsluþol, sýkingarhættu, hreinlæti og annað. Við berjumst því fyrir menntuðum manni í hverju rúmi og ótækt að ekki sé krafist matvælafræðings í öllum matvælafyrirtækjum. Því það er dýrkeypt að framleiða matvöru sem ekki er hægt að standa við og lendir í innköllunum, eins og gerist hér alltof oft vegna skorts á kunnáttu,“ segir Herdís, sem líkt og annað fagfólk MNÍ, er vakandi yfir því sem betur má fara í neyslu þjóðar sinnar.

„Á liðnum árum höfum við beitt okkur fyrir banni á transfitusýrum og hollari skólamáltíðum, svo dæmi séu nefnd. Við höfum vitaskuld áhyggjur af vaxandi þyngd landsmanna og ofneyslu á sykurlausum gosdrykkjum sem fær líkamann til að orga á meiri mat þegar hann er blekktur. Á móti gleðjumst yfir aukinni hreyfingu og neyslu á hollari kosti, eins og og íþróttanammi, sem Latibær nefndi ávexti svo vel.“

Áhugasömum er velkomið að taka þátt í ráðstefnunni á Akureyri á föstudag. Sjá nánari dagskrá á mni.is.

**thordis@frettabladid.is**



†

*Okkar elskulegi sonur og bróðir,*

**Eyþór Darri Róbertsson**

lést af slysförum 14. ágúst sl. Útförin fer fram miðvikudaginn 24. ágúst kl. 13 í Hallgrímskirkju.

**Róbert Ólafsson** **Lilja Huld Steinþórsdóttir**
**Albert Marel Róbertsson** **Berta María Róbertsdóttir**
**og aðstandendur.**



†

**Theódór Guðmundsson**

Brekku, Gufudalssveit,

sem lést miðvikudaginn 17. ágúst á Landspítalanum, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 24. ágúst kl. 13. Jarðsett verður í Gufudalskirkjugarði laugardaginn 27. ágúst.

**Andrés Ólafsson Bogason, Svandís Bergmannsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



**Hnetur innihalda** mikið af góðum fitusýrum sem taldar eru draga úr hættu á hjartasjúkdómum. Hæfilegt magn af hnetum daglega dregur úr slæma kólesterólinu og bætir það góða. Þær hjálpa einnig til við útvíkkun æðanna og geta þannig komið í veg fyrir æðakölkun.




ÞESSI STÆKKAR ÞIG UM NÚMER



Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg 42026 - vel fylltur og flottur, fæst í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-



Eirberg

Fjölþrepa bakbrettið

- Teygir á hrygg og bakvöðvum
- Minnkar vöðvaspennu
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun



Verð: 7.950 kr.

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.






*Haustvörurnar eru komnar*

*Lífstykkjabúðin* Stofnuð 1916

*Laugavegi 82 (á horni Barónsstíg)* *Sími551 4473*



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.
vísir


**Reynir Guðmundsson tekur þátt í sínu fyrsta heimsmeistaramóti í badminton.**

# Stefnir á sigur



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KR-ingurinn Reynir Guðmundsson tekur þátt í heimsmeistaramóti öldunga í badminton sem hófst í Vancouver í Kanada í gær. Reynir keppir í einliðaleik í flokki fimmtíu ára og eldri og stefnir ótrauður á sigur.

Reynir hefur æft badminton frá blautu barnsbeini og á nokkra Íslandsmeistaratitla að baki. Hann er núverandi Íslandsmeistari í A-flokki karla og lagði nítján ára andstæðing að velli í úrslitunum. „Það er keppt í 50+ á Íslandsmóti en það er í sjálfu sér engin keppni fyrir mig,“ segir Reynir, sem hefur haldið sér vel við og æfir fimm til sex sinnum í viku. Hann er búsettur á Selfossi en leggur á sig nær daglegar ferðir til Reykjavíkur til að æfa með uppeldisfélagi sínu KR.

Hann segir að Broddi Kristjánsson, núverandi heimsmeistari í flokki 45 til 50 ára, myndi eflaust veita sér samkeppni í öldungaflokkum en Broddi hefur ekki spilað einliðaleik undanfarin ár. „Árangur hans á heimsmeistaramótinu fyrir tveimur árum varð mér þó hvatning. Fyrst hann gat þetta ákvað ég að slá til og hef stefnt að þessu síðan.“

Reynir á strembna daga fyrir höndum. Mótið byrjar í 64 manna úrslitum. Um er að ræða útsláttarkeppni sem stendur til 28. ágúst og spilar hver keppandi leik á dag.

*vera@frettabladid.is*




FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Aðeins 2 verð á útsöluvörum
1.990 - 2.990

MINĎ
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



**Tilbúin efni** í snyrtivörum geta verið varasöm en þeir sem vilja náttúrulegar snyrtivörur þurfa að leita þær uppi og læra að lesa á umbúðirnar. Á slóðinni www.heilsa.is er að finna lista í fimmtán liðum yfir efni sem ætti að varast.

# Mun bara borða íslenskt

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, byrjaði á íslenska kúrnum í gær. Hann veit ekki til þess að fleiri hafi reynt kúrinn, sem gengur út á að borða bara íslenskan mat í öll mál.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins byrjaði á megrunarkúr í gær, sem kallast „íslenski kúrinn“. Kúrinn felst í því að borða einungis íslenskan mat. Sigmundur veit ekki til þess að fleiri hafi reynt svipaðan kúr. „Fólk er strax byrjað að senda mér uppskriftir, til dæmis íslenskt brauð eingöngu úr íslenskum hráefnum. Hver veit nema ég prófi það,“ upplýsir Sigmundur Davíð en bætir við að í upphafi muni hann láta sér nægja að vörurnar séu fullunnar á Íslandi. „Því ég verð að geta drukkið smá kaffi.“

Inntur eftir því af hverju Sigmundur Davíð hafi ákveðið að fara á íslenska kúrinn segir hann: „Í fyrsta lagi var ég orðinn allt of feitur,“ en Sigmundur hitti meltingarlækni fyrir stuttu. „Hann talaði mikið um gæði íslenskrar matvælaframleiðslu og sagði að fólk ætti helst bara að borða íslenskan mat.“

Upp úr samræðunum við meltingarfræðinginn spratt sú hugmynd að búa til megrunarkúr sem byggði á því að borða bara íslenskan mat. „Þá kemur bæði til hollustuþátturinn og ef ég man rétt þá er bara helmingurinn af þeim mat sem við borðum framleiddur hér. Ef ég sleppi öðrum matvælum og bæti engu við, þá borða ég bara helminginn af því sem ég borðaði áður,“ segir Sigmundur og tekur fram að það sé ekki alveg raunhæft. „Ég ætla að bæta við íslenska matinn og borða meira af honum. Jafvel þótt ég auki hann um helming er ég samt bara í 75 prósentum af því sem ég var vanur að borða.“

Sigmundur Davíð stefnir að því að taka einn göngutúr á dag með íslenska kúrnum. „Við sjáum til með ræktina,“ segir Sigmundur Davíð, sem vegur nú 108 kíló. „Vonandi kemur þetta mér undir hundrað kíló. Það er markmiðið til að byrja með.“

*martaf@frettabladid.is*



Skilyrðið er að vörurnar séu fullunnar á Íslandi því Sigmundur vill geta drukkið smá kaffi.

Íslenskt skyr verður meðal þess sem Sigmundur Davíð mun borða.

## Kynning – auglýsing

# Fólk talar um nýtt líf

**Svitastopparinn Maxim hefur reynst bjargvættur þeim sem kljást við mikla svitamyndun. Einstaka finnur samt fyrir kláða eða sviða. Nú er komin ný útgáfa, Maxim Sensitive, fyrir þá sem hafa viðkvæma húð.**

Maxim Sensitive gerir mikla lukku hjá þeim sem hafa orðið fyrir því að finna fyrir kláða eða sviða af hinum venjulega Maxim svitastoppara. Fjöldi manns úti um allan heim lofar Maxim Sensitive á spjallsíðum. Fólk talar um nýtt líf svo eitthvað hlýtur þessi uppfinning að vera að hjálpa því,“ segir Sandra Lárusdóttir hjá AT Hús ehf sem flytur inn svitastopparana Maxim og Maxim Sensitive. Í þeim síðarnefnda, sem nýkominn er á markað, er nær þriðjungi minna af virka efninu Aluminium Chlorid en í hinum upprunalega, eða 10,8% í stað 15%.

Sandra segir ofsvitnun geta valdið mikilli röskun á lífi fólks, bæði í starfi og leik. Maxim svitastopparinn hafi haft mikil áhrif til góðs fyrir þann hóp. Sumir finni þó fyrir aukaverkunum eins og kláða og sviða sem oft megi reyndar rekja til mistaka í notkun. „Það er nauðsynlegt að fara eftir leiðbeiningum sem fylgir Maxim svitastopparann og nota hann sparlega, einkum í fyrstu, og bara snerta húðina létt en ekki bera hann á eins og venjulegan svitalyktareyði,“ tekur hún fram.



Sandra Lárusdóttir innflytjandi Maxim og Jaclyn Leigh innkaupastjóri í Hagkaup, Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

En fyrir þá sem hafa viðkvæma húð segir Sandra Maxim Sensitive góða lausn og til dæmis ákjósanlega fyrir unglinga ef of mikil svitamyndun sé vandamál hjá þeim. „Ég er ekki að mæla með því að krakkar noti sterka svitastoppara ef þeir komast hjá því en það er hvimleitt á unglingsaldrinum að stríða við mikinn svita,“ segir hún og kveðst þekkja dæmi um slíkt.



Bera má Maxim í andlit og undir hendur og fætur að sögn Söndru en bara með því að setja smávegis af efninu á fingurgómana og dumpa svæðið. „Þetta á að gera fyrir háttinn,“ segir hún. „Sumum nægir eitt skipti, öðrum fimm og svo þarf ekki að endurtaka leikinn fyrr en eftir viku eða þar um bil.“

Nýir söluaðilar Maxim hafa bæst við þá sem fyrir voru. Þeir eru nú: Apótek Garðabæjar, Apótekið. Apótek Vesturlands, Árbæjarapótek, Butik.is. Choke, Femin.is, Fjarðarkaup, Hagkaup, Hressó Vestmanneyjum, Laugar Spa, Lyfja, Lyfjaborg, Lyfjaval, Lyfjaver, Reykjavíkurapótek, Rimaapótek, Urðarapótek, Verði þinn vilji og World Class.
















# Hætti að reykja á einni helgi á Heilsuhótelinu

**Ásthildur Björt Hannesdóttir hafði reykt frá því hún var tólf ára gömul þegar hún skráði sig á reykleysisnámskeið hjá Heilsuhóteli Íslands.**

Eftir að hafa reykt nær sleitulaust í sautján ár tókst Ásthildi Björtu Hannesdóttur að segja skilið við sígarettuna með helgardvöl á Heilsuhóteli Íslands. Hún segir reykleysisnámskeið þar hafa breytt lífi sínu en hún var orðin dagreykingamanneskja aðeins tólf ára gömul.

„Ég var aðeins að flýta mér í lífinu, byrjaði að fikta þegar ég var ellefu ára og var orðin virkilega háð sígarettunni fjórtán ára gömul. Ég hélt þó auðvitað að ég gæti hætt þegar ég vildi en svo var ekki. Mér tókst jú að hætta þegar ég gekk með dóttur mína og fannst það lítið mál, vitandi af öðru lífi innra með mér, en var fljót að byrja aftur,“ segir Ásthildur.

Í dag eru liðnir þrír og hálfur mánuður frá því að Ásthildur sótti námskeiðið og hefur hún verið reyklaus síðan. Líðan hennar er allt önnur sem og útlitið en hún segir tennurnar vera hvítari, augnhvítuna bjartari, húðina betri og hárið glansandi. Þá er pyngjan þyngri, en Ásthildur hefur leyft sér að kaupa sér eitthvað eitt fallegt í hverjum mánuði fyrir hluta þess penings sem hún hefði annars eytt í sígarettur.

„Það sem kom mér á óvart núna var að ég hef ekkert þurft að nota nikótínplástra né -tyggjó en Valgeir Skagfjörð, sem var aðalfyrirlesari á námskeiðinu, sagði strax í upphafi að við myndum ekki nota nein slík hjálpartæki. Hann kenndi okkur að skapa nýja hugsun til sígarettunnar; meðal annars út frá því að sígarettan leysir engin vandamál eins og maður var vanur að hugsa,“ segir Ásthildur, en Valgeir var með fyrirlestra tvisvar til þrisvar á dag. Ásthildur lætur vel af dvölinni og segir allt hafa hjálpast þar að; hollt mataræði sem flýtti fyrir hreinsun, notaleg herbergi og rólegheit, gönguferðir sem og dagskráin í heild. „Þetta hentaði mér mjög vel, að borða hollt, hreyfa sig og síðast en ekki síst að vera kaffilaus en ég drakk te allan tímann. Það var samt alveg í boði fyrir þá sem vildu kaffi að fá það þótt ég hafi ákveðið að taka það líka út.“

Ásthildur segist stundum gleyma að hún hafi reykt. „Þetta er allt annað líf fyrir mig. Ég var orðin þannig að ég átti erfitt með að sofna á kvöldin, var þungt um andardrátt og hóstaköstin voru slæm. Ég var farin að finna að mig langaði ekki að enda með súrefniskút um fertugt.“

Ásthildur á núna mun auðveldara með andardrátt, svitnar minna, finnur bragð af matnum sem og lykt. „Fólk talar stundum um rétta tímann til að hætta en það er ekkert til sem heitir rétti tíminn, það kenndi Valgeir okkur. Maður nær endalaust að plata sig og lætur líf sitt stjórnast af sígarettunum. Allur dagurinn snýst um að geta reykt. Það er mikill léttir að vera laus við allt þetta.“



„Fólk talar stundum um rétta tímann til að hætta að reykja en það er ekki til neitt sem heitir rétti tíminn, við náum endalaust að plata okkur,“ segir Ásthildur Björt Hannesdóttir.




Það kostar um 350.000 krónur á ári að reykja pakka á dag.

## *Hversu mikið kostar að reykja?*

Þeir reykingamenn sem reykja einn pakka á dag eru að eyða um 350.000 krónum á ári í sígarettur.

Ein leið til þess að komast hjá þessum kostnaði og læra um leið að meta nýja hluti í lífinu, er að mæta á námskeið í reykleysi hjá Heilsuhóteli Íslands.

Árangurinn er ótrúlegur þar sem fólk lærir að hætta reykingum fyrir lífstíð. Ávinningurinn er jákvæðni, aukið sjálfstraust og heilbrigði.

## Þú getur hætt – lausn frá áþján!

Sex góðar ástæður til að hætta reykingum:

- betra líf
- aukið frelsi
- aukin sjálfsvirðing
- aukin fjárráð
- betri heilsa
- jákvæðari sjálfsmynd

Munum að heilsufarslegur ávinningur verður ekki metinn til fjár.



heilsuhótel íslands

**Reykleysisnámskeið**

**Helgina 2. – 4. september 2011 verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið er sérhannað af þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingarfólk.**

Aðferðin sem beitt er hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeiðið.

**Leiðbeinendur**
Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður
Dr. Ásgeir Helgason dósent í sálfræði og lýðheilsufræðum

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið heilsa@heilsuhótel.is með helstu upplýsingum. Takmarkaður fjöldi og því nau ðsynlegt að panta strax.

Verð 49.500 með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja reykleysisnámskeið. Nánari upplýsingar á **www.heilsuhotel.is**
**eða í síma 512-8040**



**Helgarnámskeið** fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna verður haldið á Eyrarbakka dagana 2.-4. september. Jógakennarinn Unnur Arndísardóttir hefur umsjón með námskeiðinu en kennslan fer fram í fallegu húsi við sjávarsíðuna. Lífrænt fæði frá kaffihúsinu Bakkabrim verður á boðstólum allt námskeiðið. Skráning er í síma 696-5867 og á uni@uni.is

Davis náms- og lestrartæknin byggir á kenningum og aðferðum Ronalds D. Davis sem skrifaði bókina „Náðargáfan lesblinda“ og er ætluð fimm til níu ára gömlum börnum. Með námstækninni má fyrirbyggja sértæka námsörðugleika sem há mörgum. Tæknin þykir hafa sérstaklega góð áhrif á nemendur með ofvirkni og athyglisbrest og auðveldar kennurum að halda uppi aga í skólastofunni og eiga jákvæð samskipti við nemendur. Nánari upplýsingar er að finna á lesblind.is



**Heimild: www.lesblind.is**



Lögð er rík áhersla á gildi þess að byrja sem allra fyrst á ævi barns að vinna skipulega að góðum og árangursríkum uppeldisháttum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skemmtilegra uppeldi

**Hvað eiga foreldrar að gera þegar litli engillinn er farinn að taka reiðiköst eða vill ekki hlýða? Þessari og öðrum spurningum sem brenna á foreldrum er svarað á námskeiðinu Uppeldi sem virkar.**

„Námskeiðið er hugsað fyrir venjulega foreldra með venjuleg börn og til að kenna þeim ýmsar leiðir sem vitað er að skila sér í uppeldi. Flestir foreldrar takast á við það sama, til dæmis að koma á góðum svefnvenjum og taka á reiðiköstum. Foreldrar vilja fá leiðbeiningar um hvernig nota eigi aga, setja reglur og mörk og hvernig hvernig sé best að kenna börnum góða hegðun sem nýtist þeim í lífinu.“ Þannig lýsir Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri á Þroska og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, námskeiðinu Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar. Námskeiðin hafa verið kennd frá árinu 2004 og voru þróuð í samvinnu við ung- og smábarnavernd í þeim tilgangi að bæta þekkingu foreldra á uppeldi.



Gyða Haraldsdóttir

„Á margan hátt er verið að kenna fólki hagnýtar leiðir sem gera uppeldið auðveldara og skemmtilegra. Við viljum einnig vekja foreldra til meðvitundar um að það skiptir miklu máli hvernig fyrirmynd foreldrarnir eru sjálfir. Þá viljum við að foreldrar séu samtaka í uppeldinu,“ segir Gyða. Námskeiðið hentar foreldrum barna allt til sex ára en mælt er sérstaklega með því fyrir foreldra barna á aldrinum 6 mánaða til þriggja ára.

„Þessi námskeið eru sívinsæl og síðustu ár höfum við aukið framboðið,“ segir Gyða en oft eru fleiri en eitt námskeið í gangi í einu. Hvert námskeið er átta klukkutímar og eru tveir tímar kenndir í senn, einu sinni í viku.

Leiðbeinendur eru alltaf fagfólk með reynslu, oftast sálfræðingar. Í hverjum tíma fer fram ákveðin fræðsla en mikið er lagt upp úr því að jafn mikill tími fari í umræður og spjall, foreldrar komi með eigin vangaveltur og vandamál og tengi þannig fræðsluna við hvunndaginn. „Þarna myndast oft mjög líflegar umræður. Fólk græðir oft meira á svona námskeiði en einstaklingsráðgjöf því foreldrar læra svo margt hverjir af öðrum,“ segir Gyða en fjöldi þátttakenda í hverju námskeiði er um 16.

Kostnaður við námskeiðið er 8000 krónur, tíu þúsund fyrir par en námskeiðsgjöldin eru niðurgreidd fyrir atvinnulausa foreldra. Enn er laust á námskeið haustsins og hægt að skrá sig á www.heilsugaeslan.is eða í síma 585-1350.

*solveig@frettabladid.is*


LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



Guðmundur Tyrfingsson ehf

**Skólaferðir - Óvissuferðir - Starfsmannaferðir**




Gönguferðir

Skólaferðir

Leikir og fjör

Hellaskoðun

**Hvað langar ykkur að gera?**
Hafðu samband og við sérsníðum ferð fyrir þinn hóp.

**Guðmundur Tyrfingsson ehf**
**gt@gtbus.is www.gtbus.is**
**S. 482-1210**



**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**

## Office Skills Programme for Foreign Students

Office Skills Programme for students, over the age of 20, not having Icelandic as their mother tongue. The courses are taught both in basic Icelandic and English.
**Time:** Mondays, Tuesdays and Wednesdays from 17:30 to 20:30. See mk.is or contact Inga Karlsdóttir í 5944000/8244114.

## NOKKUR SÆTI LAUS!

### Skrifstofubraut I

Er tveggja anna hagnýt braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. og einnig 12:35 – 16:35. Kennsla hefst 24. ágúst

**Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is**

### Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi.
**Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst
Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/8244114 eða í inga.karlsdottir@mk.is

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Grænu kjör Allt að 50% afsláttur af sölulaunum fyrir græna bíla.Netbílar vill styðja við fjölgun umhverfishæfari bíla á íslandi og býður því ný „græn kjör". Netbílar s 588 5300

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

SUZUKI



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN




Ford F350 Crew Árgerð 2008, ekinn 69þ.km, 6.4 dísel, 35" breyttur. Flottur bíll sem er á staðnum! Verð 4.690.000kr! Raðnúmer 151147. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Bílval.is
SELFOSSI
LÁG SÖLULAUN - VERÐ FRÁ 29900.- kr



Nissan Patrol 2,8 árgerð 07/1999 verð 890 þkr ekinn 237 þkm

**Bílval.is**
**Hrísmýri 4, 800 Selfoss**
**Sími: 480 1400**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn mikil sala Bilval.is**
**http://www.bilval.is**

STÓRA BÍLASALAN




MM L200 Diesel Árgerð 11/2009, ekinn 18þ.km, ssk, hús á palli. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Tilboð 4.990.000kr. Raðnúmer 131223. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Bílval.is
SELFOSSI
LÁG SÖLULAUN - VERÐ FRÁ 29900.- kr



Kia clarus glx sedan árgerð. 07/2000 ekinn 145 þkm verð 590 þkr tilboð 390 þkr



vw transporter panel van árgerð.4/2003 ekinn.243 þkm verð 950 þkr

**Bílval.is**
**Hrísmýri 4, 800 Selfoss**
**Sími: 480 1400**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn mikil sala Bilval.is**
**http://www.bilval.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

100bílar.is bílasala




Audi Q7 DÍSEL, 3/2008, ek 37þús. km, nýja 3,0 dísel vélin 240hö, leður, bakkmyndavél, krókur, S-line útlit, Stórglæsilegur bíll, Ásett verð 9990þús. kr, Rnr 141585, Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Til sölu Suzuki swift árg. 2008 ekin 63000 km. Fallegur bíll í góðu standi. Verðhugmynd 1750þús. Uppl. Sími 661-8324



**Ódýrir góðir bílar!!**
Peugeot 406, '98, 5 g. V. 180þ. Nýsk. Toyota avencis '98 ssk. ný sk. V. 295þ. S. 844 6609



Til sölu vw transporter árg '00. Þarfnast lagfæringar fyrir skoðun. Ek. 169 þ. Fæst á 380 þ. eða tilboð. Uppl. í s. 659 2961, Stjáni.



Renault Megane Scenic '98. 140km. 1.6 vél sjálfskiptur. Sumar- og vetrardekk. S. 616 2597.

Ford F150 Metan, sleða/fjórhjóla pallur. Skr '07 (framl ár 06). Góð 33"dekk, loftpúðar að aftan, ek 89þ km. ásett 3,9m tilboð 3,5m stgr. Can Am 800cc LTD árg 08 götuskráð ek 7þ ásett 2,3m tilboð 1,7m stgr. Polaris 800cc árg 08 götuskráð ek 3,5þ ásett 1,7m tilboð 1,3m stgr. Uppl í síma 840 9122

### 0-250 þús.

Opel Vectra 2,5 '97, sk. '12 Tilboð. S. 820 5698

### 250-499 þús.

Peugeot 406 stw 1999 Beinskiptur 1,8 Ekinn 190000 km. Nýir diskar og bremsuklossar að aftan/ ársgamlir diskar og klossar að framan. Verð aðeins 320 þúsund Uppl. i sima 618 9516

KIA '99. Ssk. Sk.'12. Tilboð. S. 895 6408.

### Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

### Fornbílar



Er með glæsilegann Ford Mustang. Árg 1966 Mjög gott ástand. Tilboð! S.697 7417

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Húsbílar



Húsbíll með öllu til sölu. Ford árg 1992 er i mjög góðu standi. Ekinn 95, þ. mílur verð kr. 4, mlj. Uppl í s. 661-8324

### Mótorhjól



**Til sölu Suzuki RMZ 25**
fjórgengis árgerð 2005. Ónotað í 1 1/2 ár og þar á undan lítið notað. Fékk topp yfirhalningu fyrir ári. Topp hjól og svínvirkar. Verð 290 þús,stgr. Uppl. í S. 6969 725



Til sölu Yamaha FJR 1300 2007 ekið 4000 km verð 2,200,000 kr. sími 891 9193

### Reiðhjól



**RAFMAGNS REIÐHJÓL**
**Samgöngutæki framtíðarinnar.**
**EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn**
**sími 864 9265**
**ICEFIN.IS**
**póstverslun sími 820 7746**




**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

### Kerrur




Vinnsælu netakerrurnar komnar aftur á frábæru verði stutt kr 179,999 löng kr 229,999 Hagkaup, sími 563-5000.



Gæðakerrur - Góð reynsla Ýmsar stærðir 1 eða 2ja öxla. Íslensk smíð. www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. s. 894-5111 Opið 13-16.30



**Notaðar vinnulyftur**
Notaðar vinnulyftur til sölu, verð frá kr. 650.000+VSK Upplýsingar á www.lyfta.is og í síma 421 4037.

### Hjólhýsi

Hjólhýsi í hjólhýsabyggð á Laugarv. Tilb. óskast. 895 6307

### Bílaþjónusta




### Varahlutir

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa Peugeot '02, Caddy '00-'07, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 bensín og dísel. Kia carnival '01, Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

### Til sölu

## LAGERÚTSALA

**Vara- og aukahlutir til landbúnaðar, fyrir vinnuvélar, lyftara og Daf vörubíla**

- Skóflur
- Hraðtengi
- Gaffallyftari
- Sniglar fyrir staurabora
- Notuð hleðslutæki fyrir lyftara
- Rafgirðingaefni
- Fleygstál
- Lyftaragafflar
- Felgur
- Dekk
- Skrifstofuvörur
- Auk fjölda annarra hluta

Opnunartími: mán. 22.08. - fös. 26.08. **kl. 9:00 - 17:00**

KRAFTVÉLAR — VÉLAR-ÞJÓNUSTA

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Fellihýsi/tjaldvagna geymsla Reykjanesbæ Bjóðum uppá upphitað húsnæði. Sanngjarnt verð Uppl í síma 8931285/6951763 bjs0709@hotmail.com

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

ÍSBÚÐIN

Ísbúðin Hagkaup Kringlunni. Dagmanneskja óskast virka daga vinnutími sveigjanlegur.

Ísbúðin Háaleitisbraut. Óskum eftir fólki í dagvinnu og kvöld og helgarvinnu.

Ísbúðin Garðabæ. Helgarvaktir lausar. Upplýsingar í síma 660 1770 eða á staðnum.

MOSFELLS BAKARÍ

**Fullt starf - Reykjavík**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir ýmist fyrir eða eftir hádegi ásamt helgarvinnu. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

Castello PIZZERIA

**CASTELLO pizzeria**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum,18 ára eða eldri. hafðu samband á castello.is eða castello@simnet.is Umsóknir á castello.is eða castello@simnet.is

The Laundromat Cafe

**The Laundromat Cafe**
**Laundromat Café óskar eftir matreiðslumönnum eða fólki með reynslu í eldhúsi, unnið er á vöktum 2-2-3, góð laun í boði fyrir réttu aðilina. Vinsamlegast sendið ferilskrá með mynd á laundromatchef@gmail.com**

ginger

**Starfsmaður óskast í eldhús!**
Vantar vanan starfskraft í eldhúsið okkar, vinnutími 09-17/18. Alla virka daga. Eingöngu vanur, reyklaus og reglusamur kemur til greina. Ekki yngri enn 20 ára. Vinsamlegast sendið ferilsskrá með mynd á ginger@ginger.is

Húshjálp óskast í Breiðholti, hálfan dag í viku (þrif). Óskum einnig eftir aðila til að mála hús og þrífa bíla næstu tvær, þrjár vikurnar. 898 5448

Vilt þú vinna mikið og hafa góð laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl. í s 7732100.

LR óskar eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Miklir tekjumöguleikar. Uppl.í s. 7732100.

Veitingastaðurinn Durum, Laugavegi 42 óskar eftir starfsfólki. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Upplýsingar á staðnum eða í síma 777 3905

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf. Uppl. á netfang milano@internet.is

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf sem þjónar í sal. 18 ára aldurstakmark. Umsóknir sendist á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti

**Við viljum bæta við duglegum og jákvæðum pizzabakara og aðstoðarmanni í eldhús.**
Góður vinnustaður. Rótgróin rekstur. Fullt starf, unnið á vöktum. Lágmarksaldur er 18 ár. Áhugasamir sendi umsókn á info@kringlukrain.is ásamt ferilskrá.

Traustur, stundvís & vanur aðili óskast á bar, kvöld & helgar vinna. Upplýsingar á staðnum. Gallery - Bar 46. Hverfisgötu 46. 101 Rvk.

Zinkstöðina vantar starfsmann til framtíðarstarfa við málmhúðun. Lyftarapróf og íslenskukunnátta skilyrði. uppl. í síma 896 5759

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Útboð

PÓSTURINN

# Útboð

Framkvæmdir við endurnýjun Póstafgreiðslunnar Lækjargötu 2 Hvammstanga.

Óskað er eftir tilboðum í viðgerðir og endurbætur innan- og utanhúss á húsnæði Íslandspósts hf. á Hvamms-tanga.

Trésmíðavinna, málning, dúkalögn, raflagnavinna og utanhússfrágangur á steyptum stéttum.

Verktími framkvæmda skal vera á tímabilinu 5. september til 20. október 2011.

Útboðsgögn fást afhent hjá Íslandspósti hf. Stórhöfði 29. 110 Reykjavík.

Upplýsingar í síma 580 1271 og 580 1272 og í netfangi petur@postur.is og magnusj@postur.is

Tilboðum skal skila á sama stað 1. september 2011.

## Fasteignir

RE/MAX Lind

**ER MEÐ ÁKVEÐNA KAUPENDUR AÐ:**

- Einbýli á einni hæð í Kópavogi eða Garðabæ
- Sérhæð í Laugarneshverfinu (a.m.k. 3-4 svefnherbergi)
- 3-4 herbergja íbúð í 201 Kópavogi
- Rað/parhús í Lindahverfi Kópavogs



**Gunnar Valsson** gv@remax.is
Þórarinn Jónsson Löggiltur fasteignasali

Hringdu núna **699 3702**

### Sýslumaðurinn á Húsavík

**Útgarði 1, 460 Húsavík, s: 464 5000**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 29. ágúst, 2011 kl. 10:00 á eftirfarandi eignum:**

Ásgata 19, fnr. 216-7100, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Jóhannes Helgi Einarsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf.

Duggugerði 5, fnr. 216-6883, 675 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Garðar Birgisson, gerðarbeiðendur Ríkis-útvarpið og Sýslumaðurinn á Blönduósi.

Þorvaldsstaðir, lnr. 156384, 685 Bakkafirði, Langanes-byggð, eignarhluti þingl. eig. Erlingur B Thoroddsen, gerðarbeiðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Helluhraun 14, fnr. 216-3379, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Valsson, gerðarbeiðendur Tollstjóri og Vörður tryggingar hf.

Höfði 3, fnr. 215-3051, 640 Húsavík, þingl. eig. Norður-vík ehf, gerðarbeiðandi Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf.

Lyngholti 18, fnr. 230-9732, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Norðurvík ehf, gerðarbeiðandi Trygginga-miðstöðin hf.

Vogsholt 11, fnr. 216-7178, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
22. ágúst 2011.

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Eftirtalin bifreið verður boðin upp við hreppsskrif-stofuna á Kópaskeri, mánudaginn 29. ágúst 2011 kl. 13:00:**

**DX-429**
Greiðsla við hamarshögg.

**Eftirtalin bifreið verður boðin upp við lögreglu-stöðina á Húsavík, þriðjudaginn 30. ágúst 2011 kl. 14:00:**

**OI-182**
Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík
22. ágúst 2011

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
Má bjóða ykkur meiri Vísi?
Meiri Vísir.
vísir

## Til sölu





†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján G. Sveinsson**

fyrrverandi bifreiðastjóri, Sóleyjarima 9, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 18. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Margrét Zúber Sveinsdóttir**
**Guðbjörg Lóní Kristjánsdóttir**
**Anna Lísa Kristjánsdóttir** **Leó E. Löve**
**Aníta Margrét Aradóttir**
**Kristján Jóhann Arason**
**Anna Margrét Leósdóttir**



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Ragnar Gíslason**

bifreiðastjóri frá Hvaleyri við Hafnarfjörð,

lést á Hjúkunarheimilinu Sólvangi föstudaginn 19. ágúst sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna og Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Hanna Björk Ragnarsdóttir** **Trausti Sigurðsson**
**Margrét, Snædís og Sólrún Traustadætur**
**Guðný Gísladóttir**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Samúels Kristins Guðnasonar**

frá Súgandafirði, Sóleyjarima 21,

sem andaðist þriðjudaginn 2. ágúst. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir, deild 3N, fyrir góða umönnun.

**Anna Sigurjónsdóttir**
**Hrönn Scheving** **Björn Björnsson**
**Kristín V. Samúelsdóttir** **Kjartan Viðarsson**
**Bára Samúelsdóttir** **Kjartan Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskulegur sonur okkar, sambýlismaður, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,*

**Finnur Dór Þórðarson**

leikari,

lést af slysförum í Lúxemborg 13. ágúst. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 24. ágúst kl. 13:00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Einstök börn eða önnur líknarfélög.

**Þórhildur Hinriksdóttir** **Þórður Sigurjónsson**
**Jessica Andre**
**Harpa Rún Þórðardóttir** **Romain Buchholtz**
**Ólöf Dís Þórðardóttir** **Birgir Örn Björnsson**
**Sigurjón Þórðarson** **Jóhanna Jakobsdóttir**
**Ólöf Jóhannsdóttir**
**systkinabörn.**

# Evrópulerki valið Borgartréð 2011

Áttatíu ára Evrópulerki í Hólavallagarði var útnefnt Borgartréð 2011 á Menningarnótt. Tréð var valið af Skógræktarfélagi Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg og garðyrkjustjóra Kirkjugarða Reykjavíkur. Tilgangurinn með útnefningu Borgartrésins er að vekja athygli á sérstökum gömlum trjám sem vert er að hlúa að og varðveita til langrar framtíðar.

Evrópulerkið, Larix decidua, er talið það fegursta sinnar tegundar í Reykjavík. Það er rúmir tíu metrar á hæð og hefur gríðarstóra krónu sem hvílir á tveimur íturvöxnum stofnum.

Evrópulerkið var meðal fyrstu trjátegunda sem reynt var að gróðursetja hér á landi í upphafi 20. aldar. Finna má aldargömul tré á nokkrum stöðum. Sennilega er Evrópulerkið í garðinum Skrúð í Dýrafirði þekktast en það hæsta stendur í Mörkinni í Hallormsstað og er það rúmlega tuttugu metra hátt. Tréð í Hólavallagarði er einnig vel þekkt á meðal fag- og áhugamanna í skógrækt.

Heimkynni Evrópulerkisins eru í Alpafjöllum, Tatrafjöllum og Karpatafjöllum en það hefur einnig verið gróðursett víða á láglendi um norðan- og vestanverða Evrópu í yfir tvær og hálfa öld. Evrópulerkið er í heimkynnum sínum stór- og beinvaxið skógartré. Það getur orðið sex til sjö hundruð ára gamalt og nær oft 30 til 40 metra hæð. Lerkið fellir barr sitt á haustin og er það nær einstakt með barrtré. Gömul íslensk nöfn á lerki eru enda barrfellir og lævirkjatré.

Evrópulerkið er harðgert tré og þolir bæði rysjótt veður að vetrarlagi og svöl sumur. Suðlægur uppruni þess veldur því hins vegar að það vex nokkuð lengi fram eftir hausti á okkar breiddargráðu. Afleiðingin sést greinilega á Evrópulerkinu í Hólavallagarði því haustkal hefur gert það kræklótt.



**BORGARTRÉÐ 2011** Jón Gnarr borgarstjóri útnefnir stæðilegt Evrópulerki í Hólavallagarði Borgartré 2011.

# Sigurvegarar í hrútadómum

Íslandsmeistaramótið í hrútadómum 2011 fór fram um síðustu helgi. Alls tóku fimmtíu manns þátt, þrjátíu í flokki óvanra og tuttugu í flokki vanra hrútadómara. Hlutskarpastur vanra þuklara var Guðbrandur Sverrisson á Bassastöðum. Þetta er besti árangur Guðbrands sem varð í öðru sæti árið 2003 og því þriðja árið 2005. Frá þessu er greint á vefsíðunni www.strandir.is.

Guðbrandur hlaut til varðveislu í eitt ár verðlaunagripinn Horft til himins sem er tileinkaður minningu Brynjólfs Sæmundssonar ráðunautar. Þá fengu sigurvegararnir í vana flokknum 5, 10 og 15 skammta af hrútasæði frá Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands. Margir aðrir vinningar voru einnig veittir keppendum í þremur efstu sætum í hvorum flokki.

Í öðru sæti í flokki vanra varð Elvar Stefánsson í Bolungarvík, Íslandsmeistarinn frá í fyrra, og í þriðja varð Guðlaug Sigurðardóttir, bóndi á Hraunhálsi á Snæfellsnesi.

Mæðgurnar Guðrún Hauksdóttir og Elín Inga Lárusdóttir frá Ögri á Snæfellsnesi fóru með sigur af hólmi í flokki óvanra. Í öðru sæti varð Linda Jónsdóttir og saman í því þriðja urðu Margrét Vera Mánadóttir á Heiðarbæ í Tungusveit og Guðmundur Björgvin Þórólfsson á Innri-Ósi við Steingrímsfjörð, sem er aðeins þriggja ára en hann fékk þó örlitla hjálp frá móður sinni, Ragnheiði Birnu Guðmundsdóttur.

Hrútarnir sem voru dæmdir voru fjórir talsins, þrír í eigu Jóns Stefánssonar á Broddanesi og einn í eigu Matthíasar Lýðssonar í Húsavík.




**BESTU ÞUKLARARNIR** Sigurvegarar í flokki vanra hrútadómara.
MYND/STRANDIR.IS

# Skátar á tímamótum

Ný skátadagskrá verður kynnt hjá skátafélögum um allt land í þessari viku. Ástæðan fyrir kynningarherferðinni er útgáfa bóka sem færa ferska sýn á skátastarfið. Undirbúningur að þessum tímamótum hefur staðið í mörg ár og hafa margir innan hreyfingarinnar hér á landi tekið þátt í ítarlegri endurskoðun á starfgrunni skátanna fyrir börn og unglinga. Einnig hefur verið mikið samstarf við alþjóðasamtök skáta um þetta verkefni.

Mörg skátafélög munu strax í haust hefja starfið samkvæmt hinni nýju dagskrá og mikil stemning er fyrir breytingunum.

Bandalag íslenskra skáta hefur skipulagt stuðning og fræðslu vegna þeirra og strax í næsta mánuði verða haldin námskeið fyrir skátaforingja og félagsstjórnir.

Leikir, ævintýri, kvöldvökur, varðeldar og útilegur verða mikilvægir þættir í skátastarfi áfram en með breytingunum vill skátahreyfingin styrkja sig sem uppeldishreyfing því litið er á skátaflokkinn sem lærdómssamfélag. **- gun**



**SKÁTASKEMMTUN** Leikir, ævintýri, varðeldar og kvöldvökur verða áfram mikilvægir þættir í skátastarfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

**Ingveldur Hannesdóttir**

frá Brekkukoti, Reykholtsdal, Hrafnhólum 4, Reykjavík.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma andaðist laugardaginn 20. ágúst á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin auglýst síðar.

**Hannes Hákonarson** **Margrét Guðlaugsdóttir**
**Kristmundur Hákonarson** **Helga Erlingsdóttir**
**Ólafur Hákonarson**
**Kristinn Hákonarson** **Birna Kristjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Reynir Ólafsson**

Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

lést föstudaginn 19. ágúst sl.

**Margrét Hallgrímsdóttir**
**Auður Ósk Kattan Reynisdóttir**
**Verna Nussbaumer Reynisdóttir**
**Björk Reynisdóttir**
**Guðný Hansen**
**Hallgrímur Hansen**
**Auður Hansen** **Örn Orri Ingvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝ FERSK ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS

**1098 KR.KG.**



# NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR 1.5 KG.

**198 KR.**



# BÓNUS RÚGBRAUÐ 1/2 KG. 198 KR.



**OPNUM KL.11:00**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** togaði, **6.** gangflötur, **8.** upphrópun, **9.** hlaup, **11.** hvort, **12.** fjárhirðir, **14.** frárennsli, **16.** stefna, **17.** einkar, **18.** leyfi, **20.** samtök, **21.** bundið.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur, **3.** guð, **4.** ógæfu, **5.** útdeildi, **7.** limlesta, **10.** rúm ábreiða, **13.** fugl, **15.** ætlun, **16.** upphrópun, **19.** klaki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** drög, **6.** il, **8.** aha, **9.** gel, **11.** ef, **12.** smali, **14.** skólp, **16.** út, **17.** all, **18.** frí, **20.** aa, **21.** fast.
**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** ra, **4.** óheilla, **5.** gáf, **7.** lemstra, **10.** lak, **13.** lóa, **15.** plan, **16.** úff, **19.** ís.






# Stóru draumarnir?

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Hvað er á bak við drauma um ríkidæmi, „ógeðslega flott hús“, komast á heimsmeistaramótið í skák eða að taka í höndina á Alex Ferguson og Manchester United-liðinu? Draumar unga fólksins á fermingaraldri voru kortlagðir og niðurstaðan er stórmerkileg.

**FERMINGARFRÆÐSLAN** hófst í mörgum söfnuðum í liðinni viku. Í Neskirkju sóttu liðlega áttatíu ungmenni viku-sumarnámskeið. Hlátrar og óp þeirra hljómuðu, en líka skýrar spurningar, frumleg svör og samtöl. Þau voru vinnufús, snögg og ögusð. Þau töluðu um trú, ábyrgð og eigið líf með opnum huga og sjálfstæði. Árgangurinn er frábær, sannkallað draumafólk.

**HVAÐ** skyldu fermingarungmenni þrá mest? Í einu verkefninu var þeim ætlað að huga að sínum innri manni, skrifa fimm drauma eða vonir á blað. Svörin voru heiðarleg og sum kátleg. Mörg vonast til að verða afreksfólk eða atvinnumenn í íþróttum. Einn af hverjum fimm vill slá í gegn sem söngvari eða leikari. Einn þráir að vera borgarstjóri og annar forseti! Sex vilja eignast „geðveikt“ hús. Fimmtán vilja verða rík, en samfara fjársókn kemur líka fram djúp umhyggja gagnvart öðrum og náttúrunni einnig. Siðferðisvitund og -áhersla er því greinileg.

**HVAÐ** skyldi vera það, sem oftast var nefnt? Hið góða líf, góð fjölskylda, góður maki og hamingjan. Hver miðinn á fætur öðrum tjáir þær langanir, að fjölskyldan verði hamingjusöm, öllum líði vel og að í framtíðinni verði gott líf. „Mig dreymir um góða fjölskyldu.“ „Ég vil hamingju.“ „Ég vonast til að lifa heilbrigðu lífi.“ „Mig dreymir um, að vera alltaf hamingjusöm.“ „Mig dreymir að eignast góðan mann.“ Fermingarungmenni eru því fjölskyldu- og hamingjufólk.

**ÁTTU** þér drauma? Hvað hindrar að þeir rætist? Martin Luther King átti sér draum, sem rættist af því hann barðist fyrir honum. Þegar fólk leyfir sér að dreyma, setur sér markmið og setur þar með kompásinn sinn, byrja vonir að uppfyllast. Draumar eru sterkir og rætast, en aðeins í fólki sem vitjar drauma sinna, tjáir þá og vinnur að þeim. Hvað gerir þú til að lifa vel?

**ÞRÁ** unga fólksins má verða hinum eldri hvatning til að vitja hamingjudrauma okkar. Unglingarnir þrá gleðilega fjölskyldu, góða menntun, samskipti, gæfuríka framtíð – hamingju en ekki dót. Er það ekki Guðsdraumurinn, sem situr í okkur öllum – frumþrá allra manna? Hvernig væri að heilsa hamingjunni? Og draumar þínir eru…?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# menning

menning@frettabladid.is

**AUÐUR GUNNARSDÓTTIR** sópransöngkona og Jónas Ingimundarson píanóleikari koma fram á þriðjudagstónleikum í Sigurjónssafni í kvöld. Yfirskrift tónleikanna er „Íslenskir söngvar í íslenskum mó“ en á þeim verða flutt þrettán þjóðlög í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar og sönglög Jónasar Ingimundarsonar og Tryggva M. Baldvinssonar við texta eftir íslensk ljóðskáld. Tónleikarnir hefjast klukkan hálfníu.

Leiklist ★★★★

**Góðir hálsar**

Frystiklefinn, Rifi

**Höfundur:** Kári Viðarsson. Leikarar: Kári Viðarsson, Snædís Ingadóttir, Ingi Hrafn Hilmarsson og Alexander Roberts. **Leikmynd:** Helga Páley Friðþjófsdóttir og Kári Viðarsson. **Ljósahönnun:** Friðþjófur Þorsteinsson **Hljóð:** Ragnar Ingi Hrafnkelsson. **Leikstjórn:** Kári Viðarsson og Árni Grétar Jóhannsson.

## Með öndina í hálsinum

Sagan um Axlar-Björn, frægasta og líklega eina raðmorðingja Íslandssögunnar, liggur til grundvallar leiksýningunni Góðir hálsar, sem leikhópur Kára Viðarssonar frumsýndi á fimmtudaginn var, í Frystiklefanum á Rifi á Snæfellsnesi. Þar vantaði ekkert upp á að blóðið spýttist og rann um gólf og veggi og leikgleðin var í algleymingi. Hópurinn valdi þá leið að segja sögu Björns frá barnæsku þar sem ástleysið og grimmdin í uppeldinu mótuðu viðhorf hans og hegðun. Leikhúsið sjálft er gömul fiskvinnsla og saltfiskverkun og hefur verið haganlega breytt þannig að húsið uppfyllir mjög vel þarfir fyrir leiksýningar og tónlistarflutning.



Mikið er sungið og dansað í sýningunni og þó svo að grimmdin hafi verið driffjöðrin var húmorinn hvergi langt undan. Kári Viðarson leikur morðingjann frá vöggu til grafar. Hann er leiftursnöggur og kvikur í hreyfingum hvort heldur hann er að fremja ódæðisverk eða fá móður eða eiginkonu til þess að elska sig. Móður Björns og síðan eiginkonu Björns leikur Snædís Ingadóttir, sem hefur sterka líkamlega nærveru og kómíska áru. Hún fótaði sig einkar vel á blóði drifnu gólfi með uppblásna blöðru innanklæða.

Þeir Alexander Roberts og Ingi Hrafn Hilmarsson voru einnig góðir í sínum hlutverkum. Ormur Þorleifsson frá Knerri, sem Ingi Hrafn léði lífi, var fimur og flottur dauður og Alexander Roberts, enskumælandi leikari sem lék gest frá Akureyri, var mjög sannfærandi og kitlaði margar hláturtaugar.

Leikmyndin er eins og bútasaumsteppi úr spýtum og skemmtilega hrá. Tónlistin var alveg sérstaklega skemmtileg, kom eins og exi úr heiðskíru lofti með væmnum slögurum, og power-point skyggnur juku á fjölbreytileikann þar sem myndskeið úr fjörunni og fjöllunum birtust á spýtnaveggjunum.

Eftir mikið sprikl, dráp og dans var áhorfendum boðið inn í annan sal; óhugnanlegan með rauðleitri lýsingu, eins og lækur seytlaði fyrir aftan bogadregna fjöl sem fólk stóð á. Þar var eitt atriði leikið, í sjálfu sér endurtekning á því sem gerst hafði fyrr en nokkuð hrollvekjandi í nýrri uppröðun í annarri návist við samviskulausa brjálæðinginn.

Sýningin er margbreytileg, aldrei dauður punktur nema kannski í blálokin þar sem endirinn var í lausu lofti. Á heildina er þetta þó sprelllifandi og skemmtileg sýning. Frystiklefann er verið að byggja upp sem æfinga- og vinnuhúsnæði fyrir leikhópa. Það er vonandi að sem flestir fái tækifæri til þess að starfa að list sinni því eitt er víst, með jöklinum í námunda að umhverfið allt, veitir innblástur.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Lifandi og skemmtileg sýning þótt endirinn hafi verið í lausu lofti.

# Íslensk atómljóð á þýsku

**Nýjasta bindi þýska bókmenntatímaritsins Die Horen er helgað íslensku atómskáldunum. Eysteinn Þorvaldsson segir mikinn áhuga á íslenskum bókmenntum þar í landi, enda fari þeim fjölgandi sem geti þýtt íslensku yfir á þýsku.**



**EYSTEINN ÞORVALDSSON** Þær harðvítugu deilur sem urðu vegna nýstárlegra ljóða atómskáldanna eiga sér varla hliðstæðu í Þýskalandi að mati Eysteins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bei betagten Schiffen er yfirskrift nýjasta bindis þýska bókmenntatímaritsins Die Horen, sem að þessu sinni er helgað íslenskum atómskáldum. Yfirskriftin er vísun í ljóð Stefáns Harðar Grímssonar, „Hjá hrumum skipum“. Ritstjórar eru rithöfundurinn og þýðandinn Wolfgang Schiffer og Eysteinn Þorvaldsson, einn helsti sérfræðingur Íslendinga á sviði atómljóðlistar. Bindið er veglegt, rúmlega 400 síður að lengd, enda segir Eysteinn það eitt umfangsmesta rit sem komið hefur út um íslensk atómskáld.

„Ég skrifaði á sínum tíma bók um atómskáldin og notast við sömu heimildir og þar, en þarna er meira efni, til dæmis ljóðaþýðingar, myndskreytingar og viðtöl frá þessu mikla umrótaskeiði.“

Atómskáldin er nafngift sem gefin var skáldum á borð við Stein Steinarr, Sigfús Daðason og Einar Braga sem vöktu harðar deilur þegar þau tóku ljóðahefðina nýjum tökum um miðja síðustu öld. Spurður hvort atómskáldin eigi sér hliðstæðu í Þýskalandi segir Eysteinn svo varla vera.

„Það má kannski helst finna líkindi með expressjónismanum í Þýskalandi; það var töluvert andóf gegn honum af þjóðernislegum ástæðum, enda var það á uppgangsárum nasismans. En það var aldrei jafn heiftarlegt við nýjungum í skáldskap eins og hér á landi. Þetta blandaðist svo rækilega við fornritamenningu, sjálfstæðishugsjónina og þjóðernistilfinningu. Mönnum fannst það eins og tilræði við íslenska menningu að yrkja á svona nýstárlegan hátt. En sem betur fer létu þessu ungu skáld engan bilbug á sér finna.“

Íslandsbindi Die Horen kemur út í tengslum við bókamessuna í Frankfurt í haust, en nokkuð hefur verið fjallað um íslenskar bókmenntir í blaðinu áður. Flest ljóðanna eru þó að koma út í þýskri þýðingu í fyrsta sinn.

„Það er skemmtilegt hvað Þjóðverjar hafa mikinn áhuga á Íslandi, bæði náttúru og menningu,“ segir Eysteinn. „Það má til dæmis merkja á því að þeim hefur fjölgað mjög mikið þýskum þýðendum sem geta snúið íslensku yfir á þýsku, til dæmis kom heill her þýðenda við sögu við gerð þessa rits.“

bergsteinn@frettabladid.is






**ÚR SÝNINGUNNI SITUATIONS** Verk Steinunnar eru nú til sýnis á áberandi stöðum í London, New York og víðar. MYND/MAGNUS ARREVAD

# Verk eftir Steinunni á Economist Plaza

Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarmaður opnar sýninguna„Situations“ á Economist Plaza í London, torgi þar sem tímaritið The Economist er til húsa.

Sýningin samanstendur af höggmyndum úr smíðajárni, gleri og ryðfríu stáli.

Sýningarstjóri sýningarinnar er Peter Osborne hjá galleríin Osborne Samuel, umboðsaðila Steinunnar í London undanfarin tólf ár.

Economist Plaza er við St. James's Street í hjarta London og er kunnur sýningarvettvangur fyrir höggmyndalist og innsetningar. Sýningin verður opnuð formlega 5. október.

Verk Steinunnar eru nú til sýnis í tveimur stórborgum beggja vegna Atlantsála. Í mars síðastliðnum var sýningin Borders opnuð við Dag Hammarskjöld Plaza í New York og stendur hún fram á haust.



# Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

# Við bjóðum yfir 100 tíma á viku! Stundatafla á jsb.is

**TT námskeið**

Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form. **6 vikna námskeið – 3x í viku – morgun-, dag og kvöldtímar.** Bjóðum sérstaka síðdegistíma fyrir 16-20 ára.

**60 PLÚS**

Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri. **9 eða 18 vikna námskeið - 2x í viku - morguntímar.**

**ROPE YOGA WORKOUT**

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar.**

**HOT YOGA**

Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan. **6 vikna námskeið – 2x í viku – síðdegis- og kvöldtímar.**

**STOTT PILATES**

Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu m.a. með því að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja vöðva. **6 vikna námskeið – 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

**Opna kerfið**

Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt frá morgni til kvölds 6 daga vikunnar. Þrek, þol, liðleiki, pallar, lotuþjálfun, tabata dansívaf ... eitthvað fyrir alla! **ATH!** Nýir tímar í heitum sal, sérstakir miðjutímar ofl.

**BM MÓTUN**

Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp. **6 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

**S&S stutt og strangt**

Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp. Tilvalin leið til að koma sér í gang! **2 vikna námskeið – 5x í viku.**

**Þú getur strax byrjað að æfa!**

Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst.

**Sjá nánar á www.jsb.is**

**Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal!**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20(POWER) |
| COWBOYS & ALIENS | 7.30 og 10 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 5.30 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 7.30 |
| BRIDESMAIDS | 5 og 10 |


# Sjö erlendir fyrirlesarar staðfestir

Sjö erlendir fyrirlesarar hafa verið staðfestir á alþjóðlegu ráðstefnuna You Are In Control sem verður haldin í fimmta sinn í Hörpunni 10. til 12. október.

Í þetta sinn verður kastljósinu beint að höfundarrétti tónlistarmanna og annarra sem nýta netið sér til framdráttar. „Við vildum einbeita okkur að höfundarréttinum. Það skiptir máli hvaða stefna er tekin í kringum hann,“ segir María Rut Reynisdóttir hjá You Are In Control.

Á meðal fyrirlesara verður Robert Levine, sem hefur vakið athygli fyrir bók sem fjallar um hvernig dagblöð, tónlist og kvikmyndir geta náð fótfestu á netinu á sama tíma og svo margir sækjast þar eftir ókeypis afþreyingu.



**ADELE** Jane Pollard og Iain Forsyth hafa unnið með Adele, Nick Cave og Radiohead við stafræna markaðssetningu. NORDICPHOTOS/GETTY

Einnig halda þau Jane Pollard og Iain Forsyth fyrirlestur. Þau hafa unnið með listamönnum eins og Adele, Nick Cave, Pulp, Radiohead og Depeche Mode við stafræna markaðssetningu.

Um 230 manns sóttu You Are In Control í fyrra og búist er við svipuðum fjölda í ár. Í þetta sinn verður hátíðin haldin á sama tíma og Iceland Airwaves-hátíðin. Miðasala á ráðstefnuna er hafin á Youareincontrol.is og kostar 20.000 krónur til 5. september. Einnig er hægt að fá pakkatilboð með Iceland Airwaves-hátíðinni á 25.000 krónur. **- fb**


SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE Luxus VIP | kl. 8 - 10.20 | 2D | VIP |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 8 - 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES Luxus VIP | kl. 5.30 | 2D | VIP |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 - 10.40 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10:30 | 3D | 12 |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | L |
| CARS 2 m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:30 - 10:20 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 8 | 12 |
| GREEN LANTERN | kl. 5.30 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 5:20 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| GREEN LANTERN | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:20 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 5:20 - 10:45 | 3D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| LAST DAYS OF THE ARTIC | kl. 6 - 10:10 | 2D | VIP |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | 7 |
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| STRUMPARNIR m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| CARS 2 m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| BAD TEACHER | kl. 10:10 | 2D | 14 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG


# Sveitin fæddist tilbúin

**Hljómsveitin ADHD hefur gefið út sína aðra breiðskífu, sem heitir því ágæta nafni ADHD2. Platan er tekin upp í Vestmannaeyjum, þar sem þeir félagar voru helst áreittir af gömlum körlum í sundlauginni.**



**SPILUÐU BORÐTENNIS** Þeir félagar í ADHD eyddu fyrstu æfingunum saman í að spila borðtennis, svo ræddu þeir um mat og matargerð og loks fóru þeir að æfa saman. Nauðsynlegur grunnur, segir Davíð Þór Jónsson. Frá vinstri eru Ómar, Davíð Þór, Óskar og Magnús. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þessi sveit fæddist tilbúin, maður fann það strax á fyrstu tónleikunum að þetta samstarf gengi fullkomlega upp,“ segir Óskar Guðjónsson, saxófónleikari hljómsveitarinnar ADHD sem er búin að gefa út plötuna ADHD2. Eins og nafnið gefur til kynna er þetta önnur plata sveitarinnar en fyrsta platan hennar sló rækilega í gegn fyrir tveimur árum og var meðal annars valin djassplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2010.

Ómar hugðist í viðtalinu eigna sér heiðurinn af stofnun hljómsveitarinnar en var fljótlega stöðvaður af Davíð Þór Jónssyni hljómborðsleikara, sem virtist umhugað að koma blaðamanni í neftóbaksbragðið. Honum varð ekki að ósk sinni. „Við höfum allir starfað saman í kross en aldrei undir einum og sama hattinum. Og okkur langaði til að prófa það,“ segir Davíð og rifjar upp að hann og Ómar hafi unnið saman í vörutalningu í Tónastöðinni þegar þeir voru sextán. „Og við höfum eiginlega verið að vinna saman síðan þá.“

Ómar Guðjónsson (en vart þarf að taka fram að hann og Óskar eru bræður) rifjar upp að á fyrstu æfingum sveitarinnar hafi lítið annað verið gert en að spila borðtennis. Svo hafi umræðan þróast út í mat og matargerð og loks hafi menn byrjað að spila tónlist. „Og sá grunnur var alveg nauðsynlegur fyrir okkur, hljómsveit sem byggir bara á tónlist á ekkert sérstaklega skemmtilegan tíma fram undan.“

Trommari sveitarinnar, Magnús Tryggvason, hefur sig lítið í frammi í viðtalinu en Ómar segir að hann sé ungi, heiti gæinn í bandinu. Og þar við situr. Platan er tekin upp í Island Studios í Vestmannaeyjum og hafa fjórmenningarnir fátt annað en gott um þá dvöl sína að segja, þeir hafi ekki orðið fyrir neinu áreiti nema frá heldri mönnum í sundlauginni. Þegar sveitarmeðlimir eru síðan spurðir út í stefnu hljómsveitarinnar og hvernig megi flokka tónlist hennar verður svarið eilítið flókið. „Djassistar myndu ekki samþykkja að þetta væri djass og þetta er heldur ekki rokk eða popp. Þetta er bara bræðingur úr öllum stefnum,“ segir Óskar.

**freyrgigja@frettabladid.is**


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR | 5% | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ONE DAY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| RISE OF THE PLANETS OF THE APES | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 5.40 | L |
| THE SMURFS 2D ENS. TAL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |

| BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio






## Kvennaflokkur í Vindáshlíð 26.-28. ágúst 2011

**Meðal dagskrárliða:**



*Trúin er alþjóðleg*
**Sr. Sigrún Óskarsdóttir**




*Salsa frá Baðhúsinu*



**Björg Þórhallsdóttir, söngkona**



*Hannyrðir og sköpunarkraftur*
**Herdís Egilsdóttir**

**Verð aðeins 11.700 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði.**
**Nánari upplýsingar á *www.kfum.is* - Bókanir í síma 588 8899**

KFUM KFUK



BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

**ÞRIÐJUDAGUR:** ■*ANDLIT NORÐURSINS* 18:00, 20:00, 22:00 ■ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■*BJARNFREÐARSON* 18:00 ■*GOOD HEART* 20:00 ■*BLÓÐBÖND(THICKER THAN WATER)* 22:00 ■MARY & MAX 18:00 ■HOWL 20:00 ■MONSTERS 22:00
ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

SHIFT_the way you move

NISSAN

# 0 KR. Í BENSÍN
## FYRSTA ÁRIÐ*




**Frítt í gjaldstæði í Reykjavík**

GRÆNT BÍLALÁN

ergo

**25.903 kr.**
**á mánuði****

## NISSAN MICRA

Lágmarks rekstrarkostnaður, hámarks öryggi, áreiðanleiki og góðir aksturseiginleikar. Þetta er kjarninn í Nissan Micra. Allt það besta úr fyrri árgerðum Micra er á sínum stað, bara enn betra.

**www.nissan.is**

## Meðaleyðsla: 5,0 l/100 km

**Handfrjáls bluetooth símabúnaður**
**Tengi fyrir aux (iPOD)**
**ESP skriðvörn**
**Hiti í sætum o.m.fl.**

Verð frá **2.290 þús. kr.**

INNEIGN 170 ÞÚSUND N1

*Nokkrum beinskiptum Micra fylgir nú frítt bensínkort að upphæð 170.000 sem ætla má að endist allt að 15.000 km eða í u.þ.b.1 ár.

**B&L OG INGVAR HELGASON** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

**Bílasamningur ERGO, mánaðargreiðsla m.v. 30% innborgun og eftirstöðvar til 84 mánaða.

# sport

sport@frettabladid.is



**PATREKUR JÓHANNESSON** tók í gær við austurríska landsliðinu í handbolta og mun fá það verkefni að reyna að koma liðinu inn á HM 2013 og EM 2014. Dagur Sigurðsson náði frábærum árangri með Austurríkismenn frá 2008 til 2010 og mælti með Patreki við Austurríkismenn. Patrekur sagði á heimasíðu austurríska sambandsins að fyrsta markmiðið væri að vinna leikina í undankeppni HM 2013 í janúar næstkomandi. Draumur hans væri þó að vinna til verðlauna með austurríska landsliðinu á HM eða EM.

## KR 1-1 Stjarnan

KR-völlur, áhorf.: 1678 — Erlendur Eiríksson (7)

*1-0 Guðjón Baldvinsson (25.)*
*1-1 Ellert Hreinsson (52.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–10 (3–5) |
| Varin skot | Hannes 4 – Ingvar 1 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–5 |
| Rangstöður | 3–2 |

| KR 4–3–3 | | STJARNAN 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þór Halldórs. | 7 | Ingvar Jónsson | 6 |
| Skúli Jón Friðgeirss. | 5 | Baldvin Sturluson | 6 |
| (73., Davíð Einarss. | -) | (86., Aron Grétar Jaf. | -) |
| Guðmundur Reynir | 6 | Daníel Laxdal | 7 |
| Grétar Sigurðsson | 6 | Tryggvi Bjarnason | 6 |
| Gunnar Þór Gunnars. | 5 | Hörður Árnason | 5 |
| Bjarni Guðjónsson | 6 | Þorvaldur Árnason | 5 |
| Baldur Sigurðsson | 6 | (75., Bjarki Páll Eyst. | -) |
| Björn Jónsson | 4 | Atli Jóhannsson | 5 |
| (62., Egill Jónsson | 5) | ***Halldór Orri Björ.** | **7** |
| Dofri Snorrason | 5 | Jóhann Laxdal | 6 |
| Viktor Bjarki Arnarss. | 6 | Ellert Hreinsson | 6 |
| (68., Aron Bjarki Jós. | 5) | Garðar Jóhannsson | 6 |
| Guðjón Baldvinsson | 7 | (63., Víðir Þorvarð. | 6) |
| ***maður leiksins** | **x** | | |

**Maður leiksins*

## Grindavík 0-0 Víkingur

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 693 — Gunnar Jarl Jónsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–5 (5–1) |
| Varin skot | Óskar 1 – Magnús 5 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 23–13 |
| Rangstöður | 3–0 |

| GRINDAV. 4–4–2 | | VÍKINGUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 5 | Magnús Þormar | 7 |
| Matthías Örn Friðrik. | 6 | Kristinn Jens Bjartm | 5 |
| Ólafur Örn Bjarnas. | 6 | Gunnar Einarsson | 5 |
| Jamie McCunnie | 7 | (46., Tómas Guðm. | 6) |
| Alexander Magnúss. | 5 | ***Mark Rutgers** | **8** |
| Orri Freyr Hjaltalín | 4 | Hörður Bjarnason | 4 |
| (76., Scott Ramsay | -) | Aron Elís Þrándsson | 6 |
| Jóhann Helgason | 6 | Colin Marshall | 5 |
| Bogi Rafn Einarsson | 6 | Baldur Aðalsteinsson | 5 |
| Óli Baldur Bjarnas. | 6 | (82., Halldór Smári | -) |
| Robert Winters | 4 | Magnús Páll Gunn. | 3 |
| (75., Magnús Björgv. | -) | Björgólfur Takefusa | 3 |
| Derek Young | 4 | Helgi Sigurðsson | 3 |
| (90., Jósef Jósefsson | -) | (79. Viktor Jónsson | -) |

**Maður leiksins*

## PEPSI-DEILDIN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **14** | **10** | **4** | **0** | **31-11** | **34** |
| ÍBV | 15 | 10 | 2 | 3 | 24-13 | 32 |
| **FH** | **16** | **9** | **4** | **3** | **33-19** | **31** |
| Valur | 16 | 8 | 4 | 4 | 24-15 | 28 |
| **Stjarnan** | **16** | **6** | **6** | **4** | **31-25** | **24** |
| Breiðablik | 16 | 5 | 4 | 7 | 24-29 | 19 |
| **Fylkir** | **16** | **5** | **4** | **7** | **23-29** | **19** |
| Keflavík | 15 | 5 | 2 | 8 | 19-22 | 17 |
| **Þór** | **16** | **5** | **2** | **9** | **22-32** | **17** |
| Grindavík | 16 | 4 | 5 | 7 | 19-29 | 17 |
| **Fram** | **16** | **2** | **5** | **9** | **12-23** | **11** |
| Víkingur R. | 16 | 1 | 6 | 9 | 13-28 | 9 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **KR-ÍBV** | **fim 25. ág. kl. 18.00** |
| Þór-Grindavík | sun 28. ág. kl. 17.00 |
| **Breiðablik-Valur** | **sun 28. ág. kl. 18.00** |
| Keflavík-Fylkir | sun 28. ág. kl. 18.00 |
| **KR-Fram** | **sun 28. ág. kl. 18.00** |
| Víkingur-ÍBV | sun 28. ág. kl. 18.00 |
| **Stjarnan-FH** | **sun 28. ág. kl. 19.15** |

# Stjörnumenn tóku aftur stig af KR

**KR og Stjarnan gerðu 1-1 jafntefli í fjörugum leik og náðu KR-ingar því aðeins að auka forskot sitt á toppnum í tvö stig fyrir toppslaginn á móti ÍBV á fimmtudaginn. Steven Lennon skoraði þrennu í sigri Fram á Val, Kári Ársælsson tryggði Blikum langþráðan sigur og Víkingar náðu aðeins jafntefli í Grindavík.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar juku forskot sitt á toppi Pepsi-deildar karla þegar 16. umferðinni lauk í gærkvöldi en aðeins í í tvö stig eftir að hafa tapað stigum í annað skiptið á móti Stjörnunni í sumar.

Þessi úrslit þýða að ÍBV getur tekið toppsætið af KR-ingum þegar liðin mætast á KR-vellinum í toppslag deildarinnar á fimmtudaginn.

Steven Lennon var maður kvöldsins, en hann skoraði þrennu í sigri á Val og sá til þess að Framliðið á enn smá von um að bjarga sér. Staðan er hins vegar mun verri hjá Víkingum.



**ÞRUMUSKOT** Halldór Orri Björnsson, besti maður vallarsins, reynir hér skot úr óbeinni aukaspyrnu inni í teig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Flottur fótbolti á KR-vellinum

KR og Stjarnan gerðu 1-1 jafntefli í fjörugum leik á KR-vellinum. Heimamenn voru yfir í hálfleik en gestirnir mættu grimmir til leiks í þeim síðari og náðu að jafna metin. Guðjón Baldvinsson gerði mark KR-inga í leiknum og Ellert Hreinsson skoraði mark gestanna.

„Þetta var frábær leikur sem bauð upp á flottan fótbolta og heilt yfir er ég sáttur við spilamennskuna hjá mínum mönnum," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar.

„Við náðum að halda boltanum vel, sem hefur kannski ekki verið okkar sterkasta hlið í sumar. Leikurinn var í járnum í fyrri hálfleik, en mér fannst við ívið sterkari í þeim síðari."

„Ég er mjög svekktur yfir því að hafa ekki tekið öll þrjú stigin," sagði Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, eftir leikinn. „Þetta er samt líklega versti leikur okkar í sumar og við vorum ömurlegir. Ég hefði getað skorað annað mark í leiknum og með smá heppni hefði ég fengið víti í lokin. Við verðum að eiga betri leik á fimmtudaginn gegn Eyjamönnum og það eigum við eftir að gera. Við erum klárir í þann slag."

### Þrenna hjá Lennon í Framsigri

Fram vann 3-1 sigur á andlausu Valsliði í Laugardalnum. Framarar mættu ákveðnir til leiks, ætluðu sér sigurinn og uppskáru eins og þeir sáðu.

Hetja Framara var Skotinn Steve Lennon, sem skoraði öll mörk Safamýrarliðsins. Hann kom Frömurum á bragðið snemma leiks með skalla og heimamenn leiddu í hálfleik.



**STEVEN LENNON**

„Ég er mjög stoltur af því hvernig við spiluðum, sérstaklega í fyrri hálfleik þegar við spiluðum flottan fótbolta. Okkur tókst að finna Lennon í holunni og Kiddi (Kristinn Ingi) var frábær að þrýsta varnarmönnum þeirra aftar. Miðjumennirnir voru mikið með boltann og við sköpuðum fullt af færum í hálfleiknum," sagði Sam Tillen, fyrirliði Fram.

Fyrstu mínútur síðari hálfleiks leit út fyrir að Valsmenn ætluðu að vakna eftir blundinn í fyrri hálfleik en það fjaraði fljótlega út. Lennon skoraði tvö mörk af stuttu færi og leikurinn var unninn um miðjan hálfleikinn. Slæmur leikur breyttist í martröð fyrir Valsmenn undir lokin þegar Jónas Tór Næs og Arnar Sveinn Geirsson fengu rautt spjald með mínútu millibili.

„Við erum svekktir, gríðarlega svekktir, en við vorum bara það slakir að það rennur fljótt af manni," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals.

### Langþráður sigur Blika

Sigur Blika á Fylki í gær var kærkominn enda sá fyrsti síðan 9. júlí. Báðum liðum hefur gengið illa að undanförnu og bar leikurinn keim af því. Liðin eru þar að auki nokkuð lemstruð að því ógleymdu að nokkrir lykilmenn hafa horfið út í atvinnumennsku í sumar.

„Já, við höfum beðið eftir þessum og hann kom í dag. Við máttum þó hafa fyrir honum," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, eftir leikinn.

Ásgeir Örn Arnþórsson kom Fylki yfir eftir 57 sekúndur en Guðmundur Kristjánsson og Kári Ársælsson skoruðu mörk Breiðabliks í seinni hálfleik.

„Í hálfleik töluðum við um að þolinmæði væri lykilatriði og að missa ekki trúna á því sem við værum að gera. Mér fannst dropinn hola steininn og þó að mörkin hafi komið eftir föst leikatriði var það bara ánægjulegt."

### Steindautt í fallslagnum

Grindavík og Víkingur gerðu markalaust jafntefli í rokleik í Grindavík í gær og því munar enn átta stigum á liðunum í fallbaráttunni.

Úrslitin eru vonbrigði fyrir Víking, sem þurfti nauðsynlega á sigri að halda til að nálgast Grindavík í þriðja neðsta sæti deildarinnar..

„Við þurfum sárlega á þremur stigum að halda í hverjum leik núna en þetta eru ekki vond úrslit. Við töpuðum ekki og það heldur smá von í þessu þó að hvert stig sem farið er verði ekki aftur tekið," sagði Bjarnólfur Lárusson, þjálfari Víkings, eftir leikinn.

**- sáp, ktd, esá, gmi, óój**

Einn leikur í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi:

# United áfram á sigurbraut

**FÓTBOLTI** Manchester United hélt sigurgöngu sinni áfram þegar liðið vann 3-0 sigur á Tottenham á Old Trafford í gær, en United er með fullt hús á toppnum ásamt Manchester City og Wolves.

Danny Welbeck er að nýta tækifærið sitt vel því hann skoraði fyrsta markið með skalla og lagði síðan upp annað markið fyrir Anderson. Wayne Rooney innsiglaði síðan sigurinn með skallamarki eftir sendingu frá Ryan Giggs. **-óój**

## Fram 3-1 Valur

Laugardalsvöllur, áhorf.: 846 — Guðmundur Ársæll (4)

*1-0 Steven Lennon (11.)*
*2-0 Steven Lennon (53.)*
*3-0 Steven Lennon (65.)*
*3-1 Guðjón Pétur Lýðsson (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–10 (8–4) |
| Varin skot | Ögmundur 3 – Haraldur 5 |
| Horn | 1–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–8 |
| Rangstöður | 0–2 |

| FRAM 4–3–3 | | VALUR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ögmundur Kristinss. | 6 | Haraldur Björnsson | 5 |
| Daði Guðmundsson | 6 | Jónas Tór Næs | 4 |
| (77. Jón Orri Ólafss. | -) | Atli Sveinn Þórarins. | 3 |
| Hlynur Atli Magnúss. | 6 | Halldór Kristinn | 4 |
| Allan Lowing | 7 | Pól Justinussen | 2 |
| Sam Tillen | 7 | Guðjón Pétur Lýðss. | 5 |
| Jón Gunnar Eysteins. | 6 | Haukur Páll Sigurðs. | 6 |
| Halldór Hermann J. | 7 | Christian Mouritsen | 4 |
| Samuel Hewson | 7 | (61., Hörður Sveins. | 4) |
| Almarr Ormarsson | 6 | Matthías Guðmunds. | 5 |
| (90., Andri Júlíusson | -) | Jón Vilhelm Ákason | 3 |
| Kristinn Ingi Halldór. | 7 | (61., Arnar Sveinn | 2) |
| ***Steven Lennon** | **8** | Kolbeinn Kárason | 3 |
| (81., Hólmbert Friðj. | -) | (77., Ingólfur Sigurðs. | -) |

**Maður leiksins*

## Fylkir 1-2 Breiðablik

Fylkisvöllur, áhorf.: 865 — Magnús Þórisson (6)

*1-0 Ásgeir Örn Arnþórsson (1.)*
*1-1 Guðmundur Kristjánsson (55.)*
*1-2 Kári Ársælsson (87.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–9 (2–7) |
| Varin skot | Fjalar 5 – Sigmar 1 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–15 |
| Rangstöður | 1–2 |

| FYLKIR 4–3–3 | | BREIÐAB. 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 6 | Sigmar Ingi Sigurð. | 6 |
| Trausti Björn Ríkh. | 4 | Guðm.Kristjánsson | 6 |
| (46., Rúrik Andri Þor. | 6) | ***Kári Ársælsson** | **7** |
| Þórir Hannesson | 6 | Þórður Steinar Hreið. | 5 |
| Kristján Valdimarss. | 7 | Tómas Óli Garðarss. | 5 |
| Kjartan Ág. Breiðdal | 6 | Finnur Orri Margeirs. | 4 |
| Ásgeir Börkur Ásg. | 5 | Rafn Andri Haraldss. | 4 |
| Baldur Bett | 6 | (71., Andri Rafn Yeom. | -) |
| (67., Davíð Þór Ásbj. | 5) | Jökull I Elísabetarson | 7 |
| Hjörtur Hermannss. | 5 | Kristinn Steindórss. | 4 |
| (73., Andri Már Her. | -) | Árni Vilhjálmsson | 6 |
| Ásgeir Örn Arnþórss. | 7 | (78., Arnar Már Björg | -) |
| Tómas Þorsteinsson | 4 | Dylan Macallister | 6 |
| Albert Brynjar Ingas. | 4 | | |

**Maður leiksins*





FOOTBALL
HÚSMÓÐIRIN
HÚSMÓÐIRIN ER LOKSINS KOMIN TIL AKUREYRAR!
Nýr íslenskur gleðileikur eftir Vesturport. Öll trixin í bókinni og fullt af óvæntum uppákomum.
AÐEINS EIN SÝNINGARHELGI!
1. sýning 2. september kl. 20
2. sýning 3. september kl. 20
MIÐASALA Á WWW.MENNINGARHUS.IS OG Í SÍMA 450 1000
MIÐASALAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ 13-19 OG ALLAN SÓLARHRINGINN Á VEFNUM
Borgarleikhúsið
VesturPort
HOF
MENNINGARHÚS
blek www.blekhonnun.is



> **Will Ferrell**

„Ég hef bara verið fyndinn í 74 prósentum tilvika. Já, ég held að það sé rétt.“

*Will Ferrell leikur í ævintýramyndinni Land of the Lost, sem segir frá landkönnuði og aðstoðarkonu hans sem fara aftur til fortíðar og hitta risaeðlur og frumbyggja. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG HELGARVEÐRIÐ

## *Þegar haustar...*

Það þekkja það allir Íslendingar að sumarið líður hraðar en æskilegt getur talist. Öll höfum við okkar hugmyndir um hvernig þessum ljúfu dögum skal varið, en hins vegar verður oft lítið úr verki. Það er hins vegar þannig að sumarið er styttra en margur heldur. Vormánuðirnir eru tími hugmyndavinnu en júlí er ekki nægilega langur til að mönnum verði almennilega úr verki. Ég vil nefnilega halda því fram að strax í byrjun ágúst sé sumarið liðið. Haustið verður nefnilega ekki skilgreint út frá veðráttu heldur sjónvarpsdagskránni.

Þetta á alla vega við um mig og marga sem ég þekki vel til. Haustið hefst nefnilega með því að sjónvarpsstöðvarnar blása til sóknar með girnilegum sjónvarpsseríum sem eiga að stytta okkur veturinn; eða allt þar til við byrjum að undirbúa það sem við munum ekki koma í verk í júlí komandi.



Ekkert vegur hér þyngra en Enski boltinn. Ég fann það sterkt þegar flautað var til leiks þetta árið að mér var slétt sama um áætlunina sem ég dró upp í vor. Reyndar er það eina sem hefur farið í taugarnar á mér undanfarnar tvær vikur hversu leiðinlegt veðrið hefur verið. Það er óþolandi þegar sól skín í heiði og leikir dagsins eru handan við hornið. Það er nefnilega svo að einhverjir njóta þess að verja deginum í hjólatúr þegar veður er „vont“. Og ég athugaði þetta ekki þegar ég fastnaði mér konu.

Þegar þetta er skrifað lemur rigningin gluggann. Veðrið hefur ekki verið svona gott í langan tíma og vona ég innilega að framhald verði á. Ekki hef ég séð langtímaspá en ef allt gengur að óskum erum við að ganga inn í slagveðurstíð sem ekki var gert ráð fyrir í vor við áætlanagerð við eldhúsborðið. Vonandi verður þetta óvenjulega illviðrasamt haust og kaldur vetur.

### RÚV

**15.45 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.25 Tóti og Patti** (20:52)
**17.35 Þakbúarnir** (19:52)
**17.47 Skúli skelfir** (3:52)
**17.58 Jimmy Tvískór** (13:13)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Laus og liðugur** (2:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Að duga eða drepast** (38:41)
**20.40 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð.
**21.25 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Winter lögregluforingi – Síðasti veturinn** (7:8) (Kommissarie Winter) Sænsk sakamálasyrpa byggð á sögum eftir Åke Edwardson um rannsóknarlögreglumanninn Erik Winter. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Sönnunargögn** (8:13) (Body of Proof) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 The Women**
**10.00 Old Dogs**
**12.00 Pink Panther II**
**14.00 The Women**
**16.00 Old Dogs**
**18.00 Pink Panther II**
**20.00 Land of the Lost**
**22.00 Prom Night**
**00.00 .45**
**02.00 The Memory Keeper's Daughter**
**04.00 Prom Night**
**06.00 Angels & Demons**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (16:175)
**10.10 Wonder Years** (8:23)
**10.40 The Bill Engvall Show** (4:12)
**11.05 Monk** (7:16)
**11.50 Flipping Out** (7:9)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (5:39)
**13.40 American Idol** (6:39)
**14.20 American Idol** (7:39)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (21:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (24:24)
**19.40 Modern Family** (18:24)
**20.05 Two and a Half Men** (2:16)
**20.30 The Big Bang Theory** (21:23) Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna viðkunnanlegu Leonard og Sheldon.
**20.50 How I Met Your Mother** (22:24)
**21.15 Bones** (21:23)
**22.00 Come Fly With Me** (2:6)
**22.30 Entourage** (8:12)
**22.55 Daily Show: Global Edition**
**23.20 Hot In Cleveland** (5:10)
**23.45 Cougar Town** (5:22)
**00.10 Off the Map** (11:13)
**00.55 NCIS: Los Angeles** (17:24)
**01.40 Ghost Whisperer** (22:22)
**02.25 True Blood** (4:12)
**03.25 Nip/Tuck** (11:19)
**04.10 Eleventh Hour** (16:18)
**04.50 Bones** (21:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**15.50 KR - Stjarnan**
**17.40 Sterkasti maður Íslands**
**18.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**18.35 Villarreal - Odense** Bein útsending frá leik í umspili Meistaradeildar Evrópu.
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.05 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
**21.35 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**22.45 Villarreal - Odense** Útsending frá leik í umspili Meistaradeildar Evrópu.
**00.30 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Tottenham**
**14.25 Arsenal - Liverpool**
**16.15 Wolves - Fulham**
**18.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.00 Bolton - Man. City** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Man. Utd - Tottenham** Útsending frá leik Manchester United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.10 Everton - QPR** Útsending frá leik Everton og Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**17.10 Dynasty** (19:28)
**18.00 Rachael Ray**
**18.45 America's Funniest Home Videos** (5:50) (e) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot.
**19.10 Whose Line Is It Anyway?** (33:42) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**19.35 Survivor** (14:16) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda. Tvöfaldur lokaþáttur þar sem sigurvegari er krýndur.
**20.15 Survivor** (15:16) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda. Tvöfaldur lokaþáttur þar sem sigurvegari er krýndur.
**21.10 How to Look Good Naked** (7:8) Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunnar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð. Antoinette sigraðist nýlega á brjóstakrabbameini en hefur í kjölfarið glímt við feimni og einangrun.
**22.05 In Plain Sight** (7:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Nýjasta vitni Mary var hluti af gengi sem braskaði ólöglega með veð í fasteignum.
**22.50 The Good Wife** (14:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu.
**23.30 Dexter** (2:12) (e)
**00.20 CSI: New York** (9:22) (e)
**01.05 Shattered** (8:13) (e)
**01.50 Smash Cuts** (21:52) (e)

### SKJÁRGOLF

**08.10 Wyndham Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Wyndham Championship** (1:4)
**15.45 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (30:45)
**19.45 PGA Championship 2011** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 2010 PGA TOUR Playoffs Official Film** (1:1)

### EXTRA

**19.35 The Doctors** (1:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Grey's Anatomy** (17:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Love Bites** (2:8) Frábærir rómantískir gamanþættir þar sem allt er látið flakka um nútímaástarsambönd frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary um ástina og allt það brjálæði sem hún fær okkur til að gera.
**22.30 Big Love** (1:9) Fjórða þáttaröðin um Bill Henrickson og óvenjulegu fjölskylduna hans. Sögusvið þáttanna er samfélag mormóna í Salt Lake City í Utah-ríki þar sem fjölkvæni tíðkast.
**23.25 Weeds** (7:13) Gamanþættir um ekkjuna, Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**23.55 Grey's Anatomy** (17:24)
**00.40 The Doctors** (1:175)
**01.20 Sjáðu**
**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

### N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra.
**21.00 Græðlingur** Gurrý og grænir fingur í gróðrastöðinni Engi.
**21.30 Svartar tungur** Birkir, Sigmundur og Tryggvi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


SÖFNUNARÞÁTTUR
Í OPINNI DAGSKRÁ
Á SKJÁEINUM 26. ÁGÚST

Á ALLRA VÖRUM




Á allra vörum safnar fyrir nýju barnahjartasónartæki í samstarfi við Neistann og á föstudaginn verður söfnunarþáttur á SkjáEinum. Þátturinn hefst kl. 21:00 og kemur fjöldi frábærra listamanna fram.
**Taktu kvöldið frá og leggðu hjartveikum börnum lið!**

SKJÁREINN

Hjartans þakkir:

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Two and a Half Men

Það gengur á ýmsu hjá bræðrunum Charlie og Alan í kvöld. Kvennamálin eru eitthvað að flækjast fyrir Alan og Charlie gerir allt til að losna við bróður sinn út úr íbúðinni.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Við sjávarsíðuna **14.00** Fréttir **14.03** Mixtúra **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víti, menn **20.00** Leynifélagið **20.30** Stimpilklukkan **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Útvarpsleikhúsið: Þetta ætti að banna **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.15** Monarch of the Glen **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** Dalziel and Pascoe **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Keeping Up Appearances **16.40** ‚Allo ‚Allo! **17.05** ‚Allo ‚Allo! **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show **23.50** QI **00.20** Little Britain **00.50** My Family

### DR 1

**12.30** 90'erne tur retur **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 1. b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Lille Nørd **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Bonderøven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Camilla Läckbergs Stenhuggeren **20.55** Camilla Läckbergs Stenhuggeren **21.55** Verdens værste naturkatastrofer **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** På veg til Malung **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tilbake til 90-tallet **16.30** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Partilederdebatt fra Vandrehallen **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Valg 2011 **20.00** Extra-trekning **20.15** Lyngbø og Hærlands Big Bang **21.00** Kveldsnytt **21.15** Elskerinner **22.05** Fredag i hagen **22.35** Australias villmark

### SVT 1

**14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Hiss **14.55** Maestro **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** En man och hans bil **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Chelsea Flower Show 2010 **19.00** Historien om Doktor Död **21.10** Danska mord **21.50** Freezing **22.20** And the Band Played On **00.40** Rapport **00.45** Engelska Antikrundan **01.45** Tack för musiken **02.45** Rapport **02.50** Genialt eller galet **03.10** Rapport **03.20** Strömsö **04.00** Rapport







## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það er allt með hljómsveitinni Prefab Sprout sem hefur verið gefið út. Paddy McAloon verður einn af mínum uppáhaldssöngvurum þangað til ég dey.“*

Kristjana Stefánsdóttir söngkona.

# Rúnar kominn með hundrað verðlaun

„Ég var að telja þetta saman fyrir nokkrum dögum og þau eru orðin slétt hundrað. Þau síðustu fékk ég fyrir bestu leikstjórn í kvikmyndinni Eldfjall á kvikmyndahátíð í Transylvaníu,“ segir íslenski leikstjórinn Rúnar Rúnarsson. Hann er sennilega orðinn sá íslenski leikstjóri sem hlotið hefur flest verðlaun því kvikmyndir hans hafa hlotið hundrað verðlaun á kvikmyndahátíðum um allan heim.

Verðlaunasaga Rúnars hófst með stuttmyndinni Síðasti bærinn í dalnum sem var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna. Rúnar er nú að fylgja eftir fyrstu kvikmynd sinni í fullri lengd, sem er Eldfjall, en hún var frumsýnd í Cannes fyrr á þessu ári. Hann verður meðal keppenda í hinum virta Discovery-flokki á Toronto-hátíðinni sem hefst 8. september og lýkur tíu dögum seinna. „Það er mjög gott að komast þarna inn því Toronto er risamarkaður sem Hollywood nýtir sér til að koma sínum myndum á framfæri,“ segir leikstjórann.

Rúnar hyggst sjálfur vera viðstaddur sýningarnar í Toronto en hann hefur ekki tölu á því hversu margar kvikmyndahátíðir hann hefur sótt á sínum þó stutta kvikmyndaferli. „Ég þyrfti að fá mér filófax því það er mjög mikið fram undan,“ segir Rúnar en Eldfjalli hefur einnig verið á boðið á kvikmyndahátíðina í Chicago sem er sömuleiðis hátt skrifuð í Norður-Ameríku. „Þetta er kannski svipað og að fara í tónleikaferðalag nema hvað ég slepp við að keyra um í ódýru rúgbrauði, sveittur með fimm öðrum strákum.“ - fgg



**VERÐLAUNAKARL** Rúnar Rúnarsson hefur hlotið hundrað verðlaun fyrir stuttmyndir sínar og kvikmyndir. Hann er á leið til Toronto þar sem kvikmynd hans, Eldfjall, verður sýnd í Discovery-flokki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Breki Logason**, fréttamaður á Stöð 2, gekk að eiga sína heittelskuðu Védísi Sigurðardóttur á Menningarnótt. Breki og Védís voru ekkert að flækja veitingarnar í brúðkaupinu því þau buðu veislugestum upp á Búllu-borgara og franskar. Mikið stuð var í veislunni þar sem góðvinur Breka af fréttastofu Stöðvar 2, Andri Ólafsson, hélt um stjórnartaumana. Hann frumsýndi meðal annars ansi skondið myndband sem mæltist vel fyrir. Það var síðan bítlasveitin Sixties sem hélt uppi stuðinu langt fram eftir nóttu.



Leikhópurinn Vesturport átti tíu ára afmæli í gær og gerði af því tilefni sér glaðan dag á veitinga- og skemmtistaðnum Kex Hostel. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíu árum sem leikhópurinn hefur verið starfandi en sýningar hans hafa farið sigurför um heiminn, verið settar upp í helstu leikhúsum heims og hlotið margvísleg verðlaun. Þá muna margir eftir því þegar einn meðlimur hópsins, **Gísli Örn Garðarsson**, landaði hlutverki í Hollywood-stórmyndinni Prince of Persia.



Fjölmargir reimuðu á sig hlaupaskóna á laugardaginn í Reykjavíkurmaraþoninu. Met var slegið í þátttöku og alls voru 12.482 skráðir í öllum sex vegalengdunum. Formaður VR, **Stefán Einar Stefánsson**, gerði sér lítið fyrir og hljóp heilt maraþon eða 42,2 km. Eftir hlaupið sást hann svo á gangi um miðborgina vafinn inn í álteppi til að halda á sér hita enda mikilvægt eftir að hafa hlaupið í rúma fjóra klukkutíma. - fgg, áp


LOADING IÐNAÐARHURÐIR




LOADING HURÐIR

Loading hurðir eru klæðskerasniðnar með tilliti til stærðar og mismunandi aðstæðna. Mikið framboð lita ásamt öryggisþáttum sem tryggir öruggt aðgengi að hurð. Hurðin veitir góða einangrun ásamt því að vera traust gagnvart veðurofsa.

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði


## ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON: PABBI MÓTMÆLTI ÞESSU HARKALEGA

# Mugison flytur á mölina

Einn dáðasti sonur Vestfjarða, Örn Elías Guðmundsson eða Mugison, er fluttur á mölina og hyggst setjast á skólabekk í haust. Hann ætlar jafnframt að stjórna rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður með harðri hendi gegnum tölvupóst. „Enda býr rokkstjórinn Jón Þór Þorleifsson líka hérna fyrir sunnan og við tveir getum bara sent skeyti vestur og látið aðra um að púla fyrir okkur.“

Mugison ætlar að fara í meistaranámið Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf í Listaháskólanum en það er kennt í samstarfi við fimm aðra tónlistarháskóla í Evrópu. „Upphaflega pælingin var að fara á listamannalaun og fara í hálfgerða einkaþjálfun á hljóðfærið sem ég bjó til. Þannig að ég sótti um en fékk ekki. Og þá var það bara plan B, ég gerði næstum copy/paste á listamannalauna-umsókninna og komst inn í skólann. Sem er náttúrlega áfellisdómur yfir íslenska skólakerfinu,“ segir Mugison og skellir upp úr. Hann ætlar að reyna að komast í gegnum námið án þess að fara á námslán, vill fjármagna námið eftir öðrum leiðum. „En ef næsta plata gengur illa þá mun ég fara á þau, alveg pottþétt,“ en hún kemur út 1. október og verða útgáfutónleikar af því tilefni í Fríkirkjunni.

Mugison er ekki búinn að finna íbúð fyrir fjölskylduna en þau hafa fengið inni hjá góðum vini sínum á Grenimel í Vesturbæ Reykjavíkur þangað til. „Ég veit ekki hvar við verðum, skólinn er í miðbænum og mig langar mest af öllu að losa mig við bílinn. Það eina sem maður gerir hérna í Reykjavík er að sitja í bíl og skutla fólki hingað og þangað. Þannig að ætli ég endi ekki sem miðbæjarrotta.“ Örn er hins vegar ekki búinn að selja húsið fyrir vestan en hefur leigt það út í allan vetur.

Flutningurinn á mölina mæltist misvel fyrir og Örn viðurkennir að pabbi sinn hafi haft uppi háværmótmæli. „Tengdamamma bjó við hliðina á okkur og var svona amma „deluxe“ fyrir börnin og hún var heldur ekkert sátt. Mamma mín býr reyndar í bænum og ætlar að taka við þeim titli fyrir börnin þegar pabbinn fer að vera leiðinlegur.“ freyrgigja@frettabladid.is



**KOMINN SUÐUR** Mugison hefur búið fyrir vestan síðan 2002 ef undanskilið er eitt ár. Hann hyggst setjast á skólabekk til að læra betur á hljóðfærið sem hann smíðaði sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skemmtu sér á Lebowski-hátíð

„Þetta var algjör snilld og það var fáránlega mikið af fólki,“ segir Svavar Helgi Jakobsson.

Hann fór í mikla pílagrímsför til New York ásamt vini sínum, Ólafi Jakobssyni, þar sem helstu leikarar költ-gamanmyndarinnar The Big Lebowski voru samankomnir á stórri aðdáendahátíð. Fyrst fóru um 400 manns í keilu klæddir eins og persónur myndarinnar og daginn eftir var myndin sýnd í stóru leikhúsi fyrir framan eitt þúsund manns. Þar sátu leikararnir fyrir svörum, þar á meðal Jeff Bridges sem lék hinn húðlata The Dude. „Jeff Bridges var ótrúlega jarðbundinn og var ekki með neina stæla eða neitt. Hann fékk allan salinn í jógahugleiðslu og mætti með hárið og skeggið eins og Dúdinn,“ segir Svavar Helgi.

Hann og Ólafur hittu einn aukaleikara úr The Big Lebowski sem fór með lítið hlutverk sem Liam, keilufélagi Jesus. „Við fengum hann til að segja vel valin orð í myndavélina og hann krotaði á eitthvert drasl fyrir okkur.“ Afraksturinn verður sýndur á næstu Big Lebowski-hátíð sem þeir félagar halda hér á landi í mars á næsta ári.

Fleiri Íslendingar voru staddir á keilukvöldinu í New York, þar á meðal ljósmyndarinn Hörður Sveinsson og vinir hans. „Ég var að heimsækja vini mína sem búa þarna úti og það var skemmtileg tilviljun að vera þarna á sama tíma. Þetta var mjög fyndið,“ segir Hörður, sem að sjálfsögðu smellti nokkrum myndum af uppákomunni. - fb



**MEÐ LIAM** Svavar Helgi og Ólafur ásamt Liam sem fór með lítið hlutverk í The Big Lebowski.

# TAKTU SKREFIÐ



# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

## NÁMSSKEIÐSLÍNUR:

**REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA - MARKVISS LEIÐ**

**LYKILÞÆTTIR ÞJÓNUSTU - MARKVISS LEIÐ**

KYNNINGARFUNDUR 1. SEPTEMBER




Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2012.

## ENN TEKIÐ VIÐ UMSÓKNUM Í NÁMSBRAUTIRNAR:

**HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ**
- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám
- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

**FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ**
- Nám á meistarastigi

**FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR**
- fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

**NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar : sími 525 4444
endurmenntun.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barnalán leikkonu

Leikkonan og verkefnastjórinn **Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir** eignaðist sitt annað barn á dögunum. Barnið er stúlka og heilsast bæði móður og barni vel. Guðlaug á fyrir einn son en nokkur aldursmunur er á systkinunum þar sem hann er átján ára. Guðlaug hefur undanfarið gegnt starfi verkefnisstjóra í Viðey en er núna komin í fæðingarorlof.



### Gat lítið tekið þátt í hátíðarhöldunum

Fjöldi fólks kom saman í blíðskaparveðri í Tallinn, höfuðborg Eistlands á sunnudag, í tilefni af Íslandsdegi. Íslenskir tónlistarmenn og aðrir listamenn komu fram á hátíðinni auk þess sem utanríkisráðherrann Össur Skarphéðinsson tók þátt í hátíðarhöldunum. Þá voru fyrrum samherjarnir Jón Baldvin Hannibalsson og **Ólafur Ragnar Grímsson** á meðal gesta eins og greint hefur verið frá. Dagskrá samherjanna fyrrverandi skaraðist þó lítið, forsetinn Ólafur Ragnar setti hátíðina aðfaranótt sunnudags en var svo farinn til Óslóar nokkrum klukkustundum síðar, þegar Jón Baldvin tók þátt í málþingi í tilefni dagsins.
- áp, þeb



## Mest lesið vísir

1. Skagastrákur stelur senunni í Bon Iver-myndbandi
2. Sigmundur Davíð er 108 kíló og ætlar í megrun
3. Tekjur Perlunnar duga ekki fyrir fasteignagjöldum
4. Kennarar þurfa að kunna á Facebook
5. Keyrði á níu ára gamlan strák og stakk af

PRÓFAÐU DOHOP LEITARVÉLINA Á VÍSI
Flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.
Frá
Reykjavík
Til
Brottför
01.09.11
Til Baka
08.09.11
dohop vísir Meiri Vísir.

